



Frambjóðendur Pirata og Samfylkingarinnar funduðu gær um málefnaáherslur flokkanna. Piratar hafa líka boðað frambjóðendur VG, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar til fundar við sig til þess að ræða mögulegt samstarf að loknum kosningum. Enn er óljóst hvort fleiri flokkar en Samfylkingin þekkist boðið. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL

## VG bætir verulega við fylgið en Samfylking enn í varnarbaráttu


Sjálfstæðisflokkurinn er stærsti flokkur landsins samkvæmt nýrri könnun. Vinstri græn bæta við sig fylgi milli vikna. Formaður Samfylkingarinnar segist vera bjartsýn á að flokkurinn bæti við sig fyrir kosningar.

**STJÓRN MÁL** Samfylkingin mælist með helming af kjörfylgi sínu í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins Stöðvar 2 og Vísis. Fengi flokkurinn 6,5 prósent ef kosið væri nú en var með 12,9 prósent í Alþingiskosningunum 2013. Könnunin var gerð í gær og á mánudagskvöld.

„Þetta eru mikil vonbrigði. En við stöndum hér í miðri kosningarbaráttu og höfum trú á því að þetta verði ekki niðurstaðan á kjördag,“ segir Oddný G. Harðardóttir, formaður Samfylkingarinnar, um niðurstöðuna.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist stærsti stjórnmálaflokkurinn, með 23,7 prósent fylgi, sem er prósentustigi minna en þeir fengu í skoðanakönnun fyrir viku. Piratar eru næststærstir með 20,7 prósent fylgi, sem er rúmum tveimur prósentustigum minna en þeir fengu í síðustu könnun. Munur á fylgi Sjálfstæðisflokksins og Pirata milli vikna er innan skekkjumarka. Vinstri grænir bæta aftur á móti við sig fylgi. Þeir fara úr 15,1 prósent í 19,2 prósent.

### Könnun 17. og 18. október



Framsóknarflokkurinn fengi 8,5 prósent, Björt framtíð 7,4 prósent, Viðreisn 6,6 prósent og Samfylkingin fengi, sem fyrr segir 6,5 prósent. Þetta er þriðja vikan í röð þar sem niðurstöður benda til þess að sjö þingflokkar yrðu starfandi á Alþingi eftir kosningar. Oddný segir að það kunnist að flækja stjórnarmyndunarviðræður ef úrslitin yrðu þessi. „En

Þetta eru mikil vonbrigði. En við stöndum hér í miðri kosningarbaráttu og höfum trú á því að þetta verði ekki niðurstaðan á kjördag.

Oddný Harðardóttir formaður Samfylkingarinnar



Kjörorðið hennar Ingu er bjartsýni og bros bjargar deginum.

Inga Sæland, formaður Flokks fólksins



við erum með marga flokka sem eru með svipaðar áherslur og ættum að geta talað saman,“ segir Oddný.

Flokkur fólksins mælist með 3,4 prósent og er nálægt 5 prósentu markinu sem myndi tryggja menn inn á þing. „Kjörorðið hennar Ingu er bjartsýni og bros bjargar deginum,“ segir Inga Sæland formaður Flokks fólksins, spurð að því hvort hún sé farin að gera sér vonir um sæti. Hún segir framhaldið á valdi kjösenda. „Ef þeir vilja mig þá er ég hér og ég er alltaf full af von. Það er nú þannig.“

Könnun Fréttablaðsins var gerð þannig að hringt var í 1.303 manns dagana 17. og 18. október þar til náðist í 801 samkvæmt lagskiptu slembiúrtaki. Svarhlutfallið var því 61,5 prósent. Alls tóku 68,0 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar, 15,7 prósent sögðust óákveðin í því hvað þau ætluðu að kjósa, rúm 5,7 prósent sögðust ekki ætla að kjósa eða ætla að skila auðu en tæp 10,6 prósent neituðu að gefa upp afstöðu sína. – jhh

## Meinað að ná í börnin

**FÉLAGSMÁL** „Það sem þessi samtöl eiga öll sameiginlegt er að þau koma frá íslenskum vinnuveitendum sem eru með foreldra af erlendum uppruna í vinnu,“ segir Anna Margrét Ólafsdóttir, leikskólastjóri Nóaaborgar í Reykjavík, sem fékk samtöl frá reiðum vinnuveitanda á mánudag sem var allt annað en sáttur.

Vegna mannekleu í leikskólanum þurftu foreldrar að sækja börnin fyrr og það sagði þessi vinnuveitandi ekki koma til greina. „Samtalið var þannig að mér var brugðið,“ segir Anna Margrét. Vinnuveitendur erlends fólks hringi í hana af ýmsu tilefni.

„Ég hef einu sinni fengið samtöl frá vinnuveitanda þar sem var sagt að starfsmaðurinn hefði hringt og væri með veikt barn heima og þá var vinnuveitandinn að leita eftir staðfestingu hjá mér um að barnið væri ekki í leikskólanum sem hann fékk auðvitað ekki,“ segir Anna Margrét Ólafsdóttir.

– bbh / sjá síðu 2

Anna Margrét Ólafsdóttir, leikskólastjóri Nóaaborgar.



### Fréttablaðið í dag

#### MARKAÐURINN

Magnea Þórey Hjálmarsdóttir, framkvæmdastjóri Icelandair Hotels, segir fjölmörg tækifæri fyrir ferðamennsku í Reykjavík en mikilvægt að varan standi undir verðinu.

**SKOÐUN** Jakob S. Jónsson skrifar um ferðaþjónustu. **11**

**SPORT** Veigar Páll búinn að semja við meistara FH. **18**

**LÍFÍD** Gunnar Skjöldur felulitaði Volvo árgerð 1987 og klæddi að innan með gallabuxum. **30**


#### PLÚS SÉRBLAÐ • FÓLK

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

### Jólatónleikar í Grafarvogskirkju

**Hera Björk**  
**Ilmur af jólum**  
26. nóvember kl. 20.00  
Midasala á miði.is

## Veður




Suðaustanhvassviðri eða stormur með morgninum SV- og V-lands, en stormur eða rok eftir hádegi, hvassast SV- og V-lands. **SJÁ SÍÐU 18**

## Tólf þúsund fara huldu höfði

**SVÍPÞÓÐ** Um tólf þúsund einstaklingar sem hefur verið sýnað um hæli í Svíþjóð eru í felum. Ekki er talið útilokað að einhverjir hafi þegar yfirgefið landið. Samkvæmt frétt Dagens Nyheter telur lögreglan að þeim sem fara í felur muni fjölga í allt að 15 þúsund á næstu tveimur árum þar sem búast megi við fleiri synjunum.

Fulltrúi landamæralögreglunnar segir að þeir sem ekki geti lengur búið á flóttamannaheimilum þurfi að finna leið til að sjá fyrir sér. Það kunnir að leiða til aukinnar svartrar vinnu og misnotkunar. – **ibs**



Búist er við vætu og talsverðum vindi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Vara við stormi og vatnavöxtum

**VEDUR** Veðurstofan varar við óveðri á landinu í dag og aðfaranótt fimmtudags. Gert er ráð fyrir sunnan- og suðaustanstormi eða roki á Suður- og Vesturlandi.

Búist er við því að mestur vindhraði verði á norðurhluta Snæfellsness. Þar gæti vindhraði farið yfir 40 metra á sekúndu í hviðum. Einnig verður afar hvasst á Reykjanesskaga og hlutum höfuðborgarsvæðisins. Reikna má með vindhraða yfir 20 metrum á sekúndu á Norðurlandi fram eftir morgundeginum.

Varað er við vexti í ám á Snæfellsnesi, á Hvítársvæðinu, kringum Eyjafjalla- og Mýrdalsjökul og við sunnanverðan Vatnajökul. – **jóe**

## Numinn á brott



Starfsmenn Furu fjarlægðu í gær helsta kennileiti Útvarpshússins, gervihnattadiskinn stóra sem settur var upp 1991. Diskurinn tók við ýmsu efni frá Sambandi evrópskra sjónvarpsstöðva auk þess að senda efni frá landinu. Tveir minni gervihnattadiskar leysa þann gamla af. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Fulltrúar Arion hittu bæjarráð

**SVEITARSTJÓRNIR** Tveir fulltrúar Arion banka mættu á fund bæjarráðs Sigluffjarðar í gær til að skýra uppsagnir starfsmanna í 6,2 stöðugildum í útibúum bankans í sveitarfélaginu.

Gunnar Birgisson bæjarstjóri segir bæjarráðsfundi lokaða og að hann vilji ekki tjá sig um það sem sagt var né hvort skýringar Arionmanna hafi breytt viðhorfi heimamanna til uppsagnanna.

„Það er hins vegar alveg ljóst að fulltrúar Arion banka sögðu í fyrra, þegar þeir yfirtóku Sparisjóðinn, að þá myndi ekki fækka fólki. Þeir ræddu um það við bæjarráð og bæjarfulltrúa og það hefur ekki gengið eftir og þeir reyndu að skýra það,“ segir bæjarstjórinn. – **gar**



Gunnar I. Birgisson.

# Útlendingar fá ekki frí þegar leikskólinn lokar

Íslenskur vinnuveitandi útlendinga hringdi í leikskólastjóra í Reykjavík, sem þurfti að senda börn heim vegna manneklu og tilkynnti að starfsmaðurinn fengi ekki frí. Leikskólastjórinn segist hafa heyrt fleiri slík tilvik um alla borg.

**SAMFÉLAG** „Það sem þessi símtöl eiga öll sameiginlegt er að þau koma frá íslenskum vinnuveitendum sem eru með foreldra af erlendum uppruna í vinnu, ég hef aldrei fengið slíkt símtal varðandi íslenska foreldra,“ segir Anna Margrét Ólafsdóttir, leikskólastjóri Nóaaborgar í Reykjavík, sem fékk símtal frá reiðum vinnuveitanda á mánudag sem var allt annað en sáttur.

Ástæðan var að vegna manneklu í leikskólanum þurftu foreldrar að sækja börnin fyrr og í Nóaaborg á þriðjungur nemenda foreldra af erlendum uppruna. Símtalið fékk mjög á Önnu Margréti.

„Samtalið var þannig að mér var brugðið. Ég er búin að vera leikskólastjóri í yfir tuttugu ár og þetta er í sjötta eða sjöunda sinn sem svona gerist. Ég settist niður eftir símtalið og rifjaði það upp að öll símtölin voru frá vinnuveitendum sem voru með foreldra af erlendu bergi brotna í vinnu,“ segir Anna Margrét.

Svo fór að foreldrið fékk ekki frí frá vinnuveitanda sínum til að sækja barnið sitt en hún gat bjargað því þannig að annar kom og sótti.

Anna Margrét segir að vinnuveitendur með erlent vinnuafli hringi af alls konar tilefni.

„Ég hef einu sinni fengið símtal frá vinnuveitanda þar sem var sagt að starfsmaðurinn hefði hringt og væri með veikt barn heima og þá var vinnuveitandinn að leita eftir staðfestingu hjá mér að barnið væri ekki í leikskólanum sem hann fékk auðvitað ekki.“ Anna Margrét útskrifaðist sem leikskólakennari 1994 og hefur verið leikskólastjóri á Nóaaborg



Önnu Margréti Ólafsdóttur var brugðið eftir símtal. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Foreldrarnir eru algjörlega miður sín þegar svona gerist. Þetta er ekkert annað en fordómar.**

Anna Margrét Ólafsdóttir, leikskólastjóri Nóaaborgar

**» Alls voru átta starfsmenn af 17 fjarverandi þennan mánudag hjá Önnu Margréti og því ekki möguleiki að klára daginn vegna manneklu.**

frá 1. september 2001. Hún segist reyna að útskýra fyrir erlendu foreldrunum að svona sé ekki algengt á Íslandi og þurfi að nýta alla sína reynslu til að miðla málum.

„Foreldrarnir eru algjörlega miður sín þegar svona gerist. Þetta er ekkert annað en fordómar,“ segir Anna Margrét. Í Nóaaborg séu mörg börn sem eigi foreldra af erlendum uppruna.

„Við sem erum hér reynum að útskýra að svona sé ekki algengt

á Íslandi en ég heyri alls konar sögur útundan mér að fleiri leikskólastjórar séu að lenda í þessu og jafnvel grunnskólar. Mér var brugðið eftir símtalið og setti smá hugleiðingu á Facebook þar sem ég fékk mikil viðbrögð og þetta ein-skorðast ekki bara við leikskólann minn. Þetta er greinilega þekkt og mér finnst slæmt ef vinnuveitendur halda, í alvöru, að þeir geti hringt og reynt að stjórna lífi starfsmanna sinna.“ **benediktboas@365.is**

## Kjörskrár í Reykjavíkurdæmum norður og suður

Kjörskrá í Reykjavíkurdæmum norður og suður vegna alþingiskosninga 29. október nk. liggur frammi almenningi til sýnis í Ráðhúsi Reykjavíkur frá 19. október fram á kjördag. Vakin er athygli á því að hægt er að fá upplýsingar um hvar kjósendur eru á kjörskrá á vefnum [www.kosning.is](http://www.kosning.is).

Kjósendur eru hvattir til þess að kynna sér hvort nöfn þeirra eru á kjörskrá og hvar þeir eiga að kjósa. Athugasemdum vegna kjörskrárskráninga í Reykjavíkurdæmum skal beint til skrifstofu borgarstjórnar, Ráðhúsi Reykjavíkur, sími 411 4700, netfang [kosningar@reykjavik.is](mailto:kosningar@reykjavik.is). Þar eru jafnframt veittar nánari upplýsingar. Borgarráð úrskurðar um athugasemdir vegna skráningar í kjörskrá.

*Yfirkjörstjórn í Reykjavíkurdæmi suður  
Yfirkjörstjórn í Reykjavíkurdæmi norður  
Skrifstofa borgarstjórnar*

# ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI!



Rnr. 143758

VW Passat Highline.  
Nýskr. 06/12, ekinn 41 þ.km,  
bensín/metan, sjálfskiptur.

**VERÐ 2.890 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 143717

NISSAN Leaf Acenta.  
Nýskr. 07/14, ekinn 26 þ.km,  
rafmagn, sjálfskiptur.

**VERÐ 2.990 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 370163

BMW 520d Xdrive F10.  
Nýskr. 04/14, ekinn 73 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 7.290 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 330389

CITROEN C4 Cactus.  
Nýskr. 11/15, ekinn 10 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.

**VERÐ 2.490 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 192229

HONDA CR-V Lifestyle.  
Nýskr. 05/12, ekinn 52 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.

**VERÐ 3.990 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 152430

HYUNDAI I30 Classic.  
Nýskr. 04/15, ekinn 30 þ.km,  
bensín, beinskiptur.

**VERÐ 2.490 þús. kr.**

Staðsetning: Hyundai, Kaupþúni 1



Rnr. 143769

DACIA Duster 4x4.  
Nýskr. 03/16, ekinn 9 þ.km,  
dísil, beinskiptur.

**VERÐ 3.690 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 330363

VW Polo.  
Nýskr. 04/15, ekinn 71 þ.km,  
bensín, beinskiptur.

**VERÐ 1.780 þús. kr.**

Staðsetning: Bílás, Akranesi



Rnr. 143683

KIA Ceed LX.  
Nýskr. 05/15, ekinn 30 þ.km,  
dísil, beinskiptur.

**VERÐ 2.970 þús. kr.**

Staðsetning: Bílás, Akranesi



Rnr. 370124

RENAULT Megane Sport Tourer.  
Nýskr. 10/14, ekinn 46 þ.km,  
dísil, beinskiptur.

**VERÐ 2.690 þús. kr.**

Staðsetning: JB, Selfossi



Rnr. 283872

HYUNDAI I30 Classic. Nýskr.  
04/15, ekinn 34 þ.km,  
bensín, beinskiptur.

**VERÐ 2.460 þús. kr.**

Staðsetning: GE Bílar, Keflavík



Rnr. 143768

TOYOTA Auris Active.  
Nýskr. 05/15, ekinn 18 þ.km,  
bensín, beinskiptur.

**VERÐ 3.180 ÞÚS. KR.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 283981

NISSAN X-Trail Acenta 4WD.  
Nýskr. 06/15, ekinn 40 þ.km,  
dísil, beinskiptur.

**VERÐ 4.690 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 320602

LAND ROVER Discovery 4 HSE.  
Nýskr. 05/11, ekinn 103 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 8.490 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 370183

NISSAN Qashqai SE.  
Nýskr. 10/13, ekinn 47 þ.km,  
dísil, beinskiptur.

**VERÐ 3.340 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 330334

NISSAN Note Acenta Plus.  
Nýskr. 12/15, ekinn 13 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.

**VERÐ 2.890 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 370207

HYUNDAI I30 Classic Wagon.  
Nýskr. 04/15, ekinn 36 þ.km,  
bensín, beinskiptur.

**VERÐ 2.590 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 370210

NISSAN Qashqai+2 SE.  
Nýskr. 06/11, ekinn 75 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.

**VERÐ 2.690 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 121098

RENAULT Kangoo Fólksbíll.  
Nýskr. 07/14, ekinn 42 þ.km,  
dísil, beinskiptur.

**VERÐ 2.550 þús. kr.**

Staðsetning: Bílás, Akranesi




Rnr. 143752

HONDA Accord Executive.  
Nýskr. 02/14, ekinn 76 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.

**VERÐ 3.180 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11

NÝ HEIMASÍÐA  
STÆRRI BÍLAMÝNDIR  
[www.bilaland.is](http://www.bilaland.is)



# bilaland

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og  
Hyundai notaðir bílar - Kaupþúni 1 - 210 Garðabæ  
Sími 525 8000 - [bilaland@bilaland.is](mailto:bilaland@bilaland.is)

Opið frá kl. 9-18 og á laugardögum frá kl. 12-16.

[www.facebook.com/bilaland.is](https://www.facebook.com/bilaland.is)

# Samgöngu- og heilbrigðismál fyrirferðarmikil í umræðum oddvita

**STJÓRN MÁL** Heilbrigðismál og samgöngumál voru fyrirferðarmikil í kjördæmisþætti Stöðvar 2 í gærkvöldi.

Í þættinum voru málefni Suðurkjördæmis rædd. Þar voru oddvitar þeirra sjö framboða sem mælst hafa á þingi í könnunum undanfarið.

Páll Magnússon, Sjálfstæðisflokkurinn, sagði innviðabrest vera í samgöngum í landshlutanum. Það hefði sýnt sig með fjölgun ferðamanna.

Páll Valur Björnsson úr Bjartri framtið vill tvöfalda frá Fitjum og að flugstöðinni. Það var mat Ara Trausta Guðmundssonar úr Vinstri grænum að úrbætur í samgöngukerfinu myndu kosta um 400 milljarða. Því vildi VG 51 milljarð aukalega í málaflökkinn.

Smári McCarthy Pírati tók í sama streng og sagði að byrja þyrfti á því að tvöfalda stóra vegarkafla og útrýma einbreiðum brúm. Jóna Sól-

veig Einarsdóttir, Viðreisn, benti einnig á að möguleg lausn gæti verið að koma fyrir útsýnisskotum og breikka vegi.

Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra var eini ráðherra sitjandi stjórnar sem var í þættinum. Hann sagði að fjölgun túrista hefði verið skjót og að á þessu kjörtímabili hefði ákvörðun verið tekin um að forgangsraða í heilbrigðiskerfið. Oddný Harðardóttir, formaður



Oddvitar Suðurlkjördæmis í settinu áður en kveikt var á myndavélunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Samfylkingarinnar, ræddi meðal annars um að setja þyrfti auknið fjármagn í Landspítalann og sjúkraflug. Því svaraði Páll Magnússon með því að einnig þyrfti að huga að heilbrigðisþjónustu í nánasta nágrenni.

Kannanir benda til að Framsóknarflokkurinn tapi tveimur þingmönnum í kjördæminu og Sjálfstæðisflokkurinn einum. Samfylkingin, Píratar, Björt framtið og Vinstri græn ná inn manni. – jõe



Auglýst eftir ríkisstofnunum sem vilja styttri vinnuviku. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Kanna styttingu vinnuvikunnar

**KJARAMÁL** Velferðarráðuneytið auglýsir eftir umsóknum frá vinnustöðum ríkisins um þátttöku í tilraunaverkefni ráðuneytisins og BSRB um styttingu vinnuvikunnar. Kanna á hvort slík stytting leiði til ávinnings bæði starfsmanna og vinnustaða.

Fækka á vinnustundum á fjórum vinnustöðum úr 40 í 36 á viku án þess að laun verði skert. Tilraunin stendur í eitt ár, frá 1. febrúar 2017.

Er óskað eftir því að í umsókn komi fram hugmyndir um útfærslu styttingu vinnuvikunnar á viðkomandi vinnustað. – þea

## Síðustu tveir nálgast 2015

**FLÓTTAMENN** Á síðustu sex vikum hafa rúmlega 300 manns sótt um vernd hér á landi en allt árið í fyrra sóttu um 350 um vernd. Haldi straumur hælisleitenda áfram má gera ráð fyrir því að í september og október 2016 hafi jafn margir komið til landsins og allt árið 2015.

Það sem af er mánuði hafa 125 sótt um hæli hér á landi. Það er rúmlega tvöfalt fleiri en allan októbermánuð í fyrra. Langstærstur hluti þeirra sem hingað koma í leit að hæli er frá Albaníu og Makedóníu eða í kringum fjórir af hverjum níu. Einn af hverjum tíu er frá Írak og um fimm prósent eru frá Sýrlandi. – jõe

# 300

manns hafa sótt um vernd hér á landi á síðustu sex vikum.

# Vinstrimiðjustjórn er líklegust

Núverandi minnihluti hefur nær allur útilokað samvinnu við Sjálfstæðisflokk eftir kosningar. Píratar segjast einnig ekki vilja vinna með Framsókn. Óttarr Proppé segir minnihlutann hafa unnið saman allt kjörtímabilið. Samtal þeirra sé rökrétt framhald. Valið um styrka stjórn eða vinstristjórn segir Bjarni Benediktsson.

**STJÓRN MÁL** Samsteypustjórn núverandi minnihlutaflökka á Alþingi er líklegasta stjórnarmynstrið í kortunum nú tíu dögum fyrir kjördag. Hafna þeir samstarfi við núverandi stjórnarmeirihluta og viðræður eru farnar af stað milli flokka um samstarfsfleti.

Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar, sagðist í Facebook-færslu í gærkvöld Viðreisn tilbúna í viðræður eftir kosningar. „Lykilatriði er að fá umboð fólksins og finna sameiginlega snertifleti við aðra flokka, en þá ráða málefnið för,“ skrifði Benedikt. Augljóst væri að Viðreisn blási „ekki lífi í ríkisstjórn sem kjósendur hafa fellt“. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, hefur sagt leitt ef Viðreisn vilji að því leyti vinstristjórn í landinu.

„Fundurinn var mjög góður þó hann hafi aðeins verið tæpur klukkutími. Þar ræddum við saman um þessa fimm meginpunkta Pírata. Einnig ræddum við áherslur okkar Samfylkingarfólks í þessum kosningum. Það var góður andi á fundinum og það getur vel verið að við hittumst aftur fyrir kosningar og þá í stærri hópi,“ segir Oddný Harðardóttir, formaður Samfylkingarinnar, um fund hennar og Pírata í gær.

Oddný segir einnig að stjórnarsamstarf við Sjálfstæðisflokkinn og Framsóknarflokkinn sé ekki í myndinni.

Smári McCarthy, oddviti Pírata í Suðurlkjördæmi, segir litinn ágreining milli Samfylkingar og Pírata í stórum málum og því einsýnt að flokkarnir haldi áfram að tala saman.

„Þetta var mjög góður fundur. Það var ekki að merkja mikinn áherslumun í stóra samhenginu. Hins vegar er ekki hægt að segja með vissu hvernig þetta fer fyrir en á fimmtudaginn í næstu viku,“ segir Smári. „Það er ekki búið að tímasetja næstu



Stjórnarandstaðan í þinghúsinu í kjölfar breytinga á ríkisstjórninni í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Við höfum unnið náð saman og flutt sameiginlegar breytingartilögur í fjárlagavinnu svo dæmi séu tekin og því þetta rökrétt framhald.**

Óttarr Proppé, formaður BF

fundi en þeir verða vonandi haldnir sem fyrst.“

Björt Ólafsdóttir, þingmaður Bjartrar framtiðar, sagði á mánudaginn útspil Pírata dæmi um gamaldags klækjastjórnarmál og til þess fallið að stýra atburðarásinni.

Óttarr Proppé, formaður BF, segir hins vegar spjall milli stjórnarandstaðunnar núna aðeins vera framhald á því samtali sem hafi átt sér stað allt kjörtímabilið.

„Við höfum unnið náð saman og flutt sameiginlegar breytingartilögur í fjárlagavinnu svo dæmi séu tekin og því er þetta rökrétt framhald,“ segir Óttarr. Meirihluti marga flokka sé ekki erftit verkefni.

„Ég get ekki séð að það sé eitthvað að því að vera með marga flokka. Núna eru tveir flokkar í ríkisstjórn og þeir eru að gefast upp hvor á öðrum,“ segir Óttarr Proppé. sveinn@frettabladid.is

## Skýrir valkostir

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segir valkost kjósenda skýran í aðdraganda kosninganna um aðra helgi.

„Þjóðin hefur val um annaðhvort styrka stjórn Sjálfstæðisflokksins eða vinstristjórn Pírata. Kostirnir liggja fyrir og því er það kjósenda að ákveða hvað þeir vilja,“ segir Bjarni. „Við erum nú í kosningabaráttu og sýnum gífurlegan árangur síðustu ríkisstjórnar. Við erum á réttri leið og við erum stolt af okkar verkum á síðustu árum.“

Bjarni segir það ekki sitt að tjá sig um þá stöðu Viðreisnar að vilja ekki vinna með Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki að loknum kosningum. Það væri Viðreisnar að svara fyrir það.

„Viðreisn er Evrópusinn- aður flokkur sem virðist setja öðrum afarkosti. Við í Sjálfstæðisflokknum vinnum ekki þannig. Aðalatriðið er að sýna þann góða árangur sem náðst hefur og verja hann. Það er mikilvægt að halda áfram,“ undirstríkar Bjarni.

**Þjóðin hefur val um annaðhvort styrka stjórn Sjálfstæðisflokksins eða vinstristjórn Pírata.**

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins



# Eru ekki í stjórnarmyndunarviðræðum

**KOSNINGAR** „Við vorum ekki að boða til stjórnarmyndunarviðræðna enda höfum við ekki umboð til þess í augnablikinu. Núna erum við bara í samstarfsviðræðum,“ segir Smári McCarthy, einn af stofnendum Pírata og oddviti þeirra í Suðurlkjördæmi.

Eftir blaðamannafund Pírata síðasta sunnudag sendi kjörstjórn Pírata fréttatilkynningu á fjölmiðla. Í tilkynningunni segir að umboðsmenn Pírata hafi á fundinum tilkynnt hvernig flokkurinn hygðist standa að stjórnarmyndunarviðræðum fyrir komandi alþingiskosningar. Í kjölfarið var myndband af fundinum birt á vefsíðu Pírata undir fyrirsögninni „Píratar boða til stjórnarmyndunarviðræðna“.

Fyrirsögninni á fundinum hefur nú verið breytt á vefsíðu Pírata en nú er fundurinn kallaður „Píratar boða til formlegra viðræðna um samstarf“.



Smári McCarthy, oddviti Pírata í Suðurlkjördæmi. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANNA

**Það er kannski smá ósamræmi í þessu og við skiljum af hverju það gæti misskilnings um þetta en efni fundarins er það sem skiptir mestu máli.**

Smári McCarthy

Í gær deildi Smári færslu á Facebook þar sem hann áréttar að tilefni fundarins hafi ekki verið að boða til stjórnarmyndunarviðræðna. Birgitta Jónsdóttir, oddviti Pírata í Reykjavíkurkjördæmi norður, hefur til að mynda deilt færslunni.

„Það er kannski smá ósamræmi í þessu og við skiljum af hverju það gæti misskilnings um þetta en efni fundarins er það sem skiptir mestu máli. Við lítum á fundinn sem mögulega fyrsta stig stjórnarmyndunarviðræðna en eins og staðan er í dag er aðeins um samstarfsviðræður að ræða, segir Smári. – þh

## ZENDIUM STYRKIR NÁTTÚRULEGAR VARNIR MUNNSINS

FÉLAG ÍSLENSKRA TANNFRÆÐINGA MÆLIR MEÐ ZENDIUM TANNKREMI



zendium  
STYRKIR NÁTTÚRULEGAR VARNIR MUNNSINS



Pajero

Vetrardekk og dráttarveisli fylgja ef bíll er keyptur á Vetrardögum.

Mitsubishi Pajero  
Verð frá 9.790.000 kr.

Gerum  
betur  
í vetur

Vetrardekk fylgja ef bíll er keyptur á Vetrardögum.

Mitsubishi ASX 4x4  
Verð frá 4.990.000 kr.

ASX 4x4



Vetrardekk og dráttarveisli fylgja ef bíll er keyptur á Vetrardögum.

Mitsubishi Outlander  
4x4, bensín, sjálfskiptur  
Verð frá 5.390.000 kr.

Mitsubishi Outlander  
4x4, dísil, beinskíptur  
Verð frá 5.590.000 kr.

Outlander 4x4



Komdu í reynsluakstur og nýttu þér frábær tilboð á **Mitsubishi** fjórhjóladrifsbílum og aukabúnaði, á Vetrardögum HEKLU. Við gerum betur í vetur og hlökkum til að sjá þig!



FYRIR HUGSANDI FÓLK



# VERNDUN HUGVERKARÉTTINDA Í RANNSÓKNUM

20. október, kl. 10-18 í stofu V102 í HR

Hvernig ættu háskólar að meðhöndla hugverk? Hvernig er hægt að búa til verðmæti úr þekkingu sem verður til?

Ráðstefna um hugverkarréttindi á vegum Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO), Einkaleyfastofu og Háskólans í Reykjavík.

## DAGSKRÁ

**10:00** Borghildur Erlingsdóttir, forstjóri Einkaleyfastofu og Lien Verbrauwheide, lögfræðingur hjá Alþjóðahugverkastofnuninni, bjóða gesti velkomna.

**10:10** WIPO's Program to Support the Development of Intellectual Property (IP) Policies for Universities and Research Institutions  
Lien Verbrauwheide

**10:30** Faculty Innovation and Entrepreneurship  
Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík

**11:00** Kaffihlé

**11:15** Patents and Other IP for Academics  
Emil Pot, lögfræðingur, stofnandi og ráðgjafi við ActoGenix N.V. í Belgíu

**12:30** The Academic IP Tool Box: Ideal and Real  
Hilmar Bragi Janusson, forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands

**13:00** Hádegishlé

**14:00** Collaboration to Support Utilization of IP Rights  
Erla Skúladóttir, lögfræðingur, LL.M.

**14:40** Exploiting University Innovation and IP – Licensing  
Herwig Lejsek, forstjóri Videntifier, „spinout“-fyrirtækis frá Háskólanum í Reykjavík

**15:30** Kaffihlé

**15:45** Managing University IP – How to Develop a Good Technology Management Office (TMO)  
Emil Pot

**16:45** Intellectual Property Committee of University of Iceland and Landspítali; framework and practice and TTO Iceland; setting the future

Einar Mäntylä, verkefnisstjóri og sérfræðingur í nýsköpunarmálum á vísinda- og nýsköpunarsviði Háskóla Íslands og Ólöf Vigdís Ragnarsdóttir, hugverkalögfræðingur hjá Hugverkanevni Háskóla Íslands

**17:15** Pallborðsumræður:  
IP Policy for Universities and Public Research Institutions in Iceland – Challenges and Priorities

Stjórnandi: Lien Verbrauwheide

Þátttakendur: Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Ari Kristinn Jónsson, rektor HR, Borghildur Erlingsdóttir, forstjóri Einkaleyfastofu og Hannes Ottósson, verkefnastjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Fundarstjóri: Ásdís Magnúsdóttir, hdl. og aðjúnkt við Háskólann í Reykjavík.

Peir sem láta sig varða hugvit, tækni og tengsl menntastofnana við atvinnulífið ættu ekki að missa af þessu málþingi.

Aðgangur er ókeypis.  
Frekari upplýsingar á [hr.is](http://hr.is).

## Leiðir á ofríki grannanna



Suðurkóreskir sjómenn gengu fylktu liði um götur Sejong, suður af höfuðborginni Seoul, í gær. Kröfðust þeir þess að stjórnvöld gripu til vopna og myndu skjóta á kínversk fiskiskip sem ítrekað hafa verið gripin við veiðar í lögsögu landsins. Undanfarin ár hafa Kínverjar gengið hart fram í landhelgismálum og meira að segja gripið til þess ráðs að byggja heilu eyjarnar í tilraun til að auka rétt sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Smala í formannskjöri Neytendasamtakanna

Formaður Neytendasamtakanna segir að lög samtakanna þarfnist mikilla endurbóta. Val uppstillingarnefndar í formannskjöri er gagnrýnt. Þrefalt fleiri hafa boðað komu sína á aðalfundinn um næstu helgi heldur en á fundinn í fyrra.

**SAMFÉLAG** Mikil ólga er innan Neytendasamtakanna vegna formannskjörs sem fer fram um næstu helgi. Um 300 manns hafa boðað komu sínu á aðalfund samtakanna en rúmur helmingur þeirra skráði sig í samtökin á síðustu stundu. Þetta staðfesta Neytendasamtökin en á aðalfundinn í fyrra mættu um það bil hundrað manns.

Samkvæmt reglum félagsins hafa allir skuldlausir félagar samtakanna kosningarétt. Síðasta fimmtudag var reglum kosninganna breytt með þeim hætti að ákveðið var að á aðalfundinum yrði posi. Það var gert til þess að þeir sem hygðust kjósa gætu greitt árgjaldið á fundinum sjálfum.

Pálmey Gísladóttir, frambjóðandi til formanns Neytendasamtakanna, segir í færslu á Facebook á mánudag að hún hafi fyrst fengið fregnir af þessum reglubreytingum á mánudag.

„Þetta hefur það að verkum að nú er möguleiki á því að einhver hafi skráð fjöldann allan af vinum sínum upp á þá von og óvon að viðkomandi mætti og kysi,“ segir Teitur Atlason,

**Nú er möguleiki á því að einhver hafi skráð fjöldann allan af vinum sínum upp á þá von og óvon að viðkomandi mætti og kysi.**

Teitur Atlason, varaformaður Neytendasamtakanna og frambjóðandi til formanns



varaformaður samtakanna og einn af formannsframbjóðendum.

Á aðalfundi samtakanna í fyrra var hlutverki uppstillingarnefndar breytt. Áður fyrr hafði hún séð um framkvæmd kosninganna og starfað með nýkjörnum formanni við myndun stjórnar. Breytingin á hlutverki hennar hefur í för með sér að uppstillingarnefnd skilar tillögu um formannsefni og stjórn á þingi samtakanna.

Niðurstáða uppstillingarnefndar var að Ólafur Arnarson, hagfræðingur og rithöfundur, væri hæfastur til þess að gegna stöðunni. Ákvörðun uppstillingarnefndar hefur verið gagnrýnd af félagsmönnum samtakanna, meðal annars vegna þess að hún þykir ekki hafa lagt mikinn metnað í hæfismatið.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir að stjórnin sem kosin verði á laugardag verði að leggja í endurbætur á lögum samtakanna.

„Það liggur alveg fyrir að það eru ákveðnir agnár á lögunum en það er alls ekki meiningin að vera með löðin lög. Það þarf til dæmis að liggja fyrir í lögunum eftir hvaða verkferlum uppstillingarnefnd starfar,“ segir Jóhannes.

Aðalfundur Neytendasamtakanna fer fram á laugardag í Rúgbrauðsgerðinni, Borgartúni 6, en þau fimm sem hafa boðað framboð eru: Árni Eðvaldsson húsasmíðameistari, Guðjón Sigurbjartsson viðskiptafræðingur, Ólafur Arnarson hagfræðingur, Pálmey Gísladóttir lyfjateknir og Teitur Atlason, varaformaður samtakanna. [thorgeirh@frettabladid.is](mailto:thorgeirh@frettabladid.is)

Glæsilegur

# Hyundai Tucson.

Fjór hjóladrifinn sjálfskiptur eða beinskiptur, bensín eða dísil.



Nýr Hyundai Tucson er einstaklega fallegur, með sjálfskiptingu, fullkomið fjór hjóladrif og sparneytna bensín- eða dísilvél. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai TUCSON með fimm ára ábyrgð. **Hyundai Tucson - verð frá 4.490.000 kr.**

Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)



Hyundai Tucson / Dísilvél 2,0 lítrar, 136 hestöfl, eldsneytisnotkun 6,1 l/100 km\* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,6 l/100 km\*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

# Biðtími krónprinsins teygist á langinn

Maha Vajiralongkorn, hinn 64 ára gamli krónprins í Tailandi, er sagður hafa óskað eftir því að biða eitthvað eftir að taka formlega við konungstigninni. Sjálfur er Vajiralongkorn afar umdeildur. Hann er þrígiftur og hefur iðulega komist í fréttir fyrir ýmsan galgopahátt.

**TAILAND** Tæp vika er síðan Bhumibol Adulyadej Taílandskonungur lést, 88 ára eftir heil 70 ár á valdastól. Eini sonur hans, krónprinsinn Maha Vajiralongkorn, hefur ekki enn formlega tekið við.

Ástæða biðarinnar hefur ekki verið gefin upp, en hennar gæti verið að leita í þeirri staðreynd að krónprinsinn er og hefur lengi verið afar umdeildur í Tailandi.

Konungurinn hefur notið óskiptar virðingar flestra landsmanna. Þótt konungstigninni fylgi lítil sem engin formleg völd hefur Bhumibol þótt hafa tryggt ákveðinn stöðugleika í landinu. Og það þrátt fyrir tíðar stjórnarbyltingar og pólitískt umrót.

Sonurinn Vajiralongkorn hefur aftur á móti reglulega komist í fréttir fyrir glaumgosalíf og ýmsan galgopahátt. Almennur er sagður bera litla virðingu fyrir honum og ráðamenn hafa haft áhyggjur af því að hann verði konungur.

Vajiralongkorn er að vísu orðinn 64 ára og kannski tekinn að róast, en hneykslismálin fylgja honum. Hann er þrígiftur og á samtals sjö börn, þar af fimm með annarri eiginkonu sinni, en þau fæddust öll á meðan hann var enn kvæntur fyrstu eiginkonunni. Hjónaband númer tvö ent-



Maha Vajiralongkorn krónprins hefur reglulega vakið hneykslun. FRÉTTABLAÐID/EPA

●● Þriðja eiginkona krónprinsins varð alræmd fyrir að ganga um hálfnakkin í afmælisveislu hunds prinsins. Hundurinn var að sögn gerður að yfirmanni í her Taílands.

ist þó aðeins í tvö ár og endaði með því að hann rak konuna úr landi.

Krónprinsinn skildi við þriðju eiginkonu sína árið 2014 eftir að nokkrir ættingjar hennar voru handteknir og sakaðir um fjármálaspyllingu. Hún sjálf varð alræmd í Taílandi fyrir að ganga um hálfnakkin í mikilli afmælisveislu sem haldin var fyrir hund krónprinsins. Sá hundur

## Bannað að tala illa um konungsfjölskylduna

Í Taílandi eru enn í gildi lög frá árinu 1908 sem leggja blátt bann við því að fara niðrandi orðum um konung landsins, drottningu hans, krónprinsinn eða ríkisstjórnann. Þessi lög eru enn tekin mjög alvarlega og hafa á seinni árum efnislega verið tekin upp í stjórnarskrá landsins. Viðurlögin voru hert árið 1976 og varðar brot gegn þessum lögum allt að fimmtán ára fangelsi.

Dæmi eru jafnvel til þess að menn hafi verið dæmdir í tuttugu



Þá gilda löginn ekki aðeins um ríkisborgara í Taílandi, því árið 2010 var Svisslendingur nokkur dæmdur í tíu ára fangelsi fyrir að úða málningu yfir myndir af kónginum.

er síðan sagður hafa verið gerður að yfirmanni í hernum.

Enginn vafi leikur á því að Vajiralongkorn á fullan rétt til konungstignar í Taílandi, nú þegar faðir hans er látinn.

Bhumipol konungur hafði sjálfur gefið það út formlega að Vajiralongkorn eigi að verða konungur, en samkvæmt lögum hefur konungurinn

einn heimild til þess að svipta krónprins rétti til konungstignar.

Nærri vika er samt liðin frá andláti Bhumipols og töfin veldur furðu. Opinberlega er Vajiralongkorn sjálfur sagður hafa óskað eftir því að biða með að taka við konungstigninni, þangað til hann sé tilbúinn, eins og það er orðað í tilkynningu frá konungshöllinni. [guidsteinn@frettabladid.is](mailto:guidsteinn@frettabladid.is)


JÓLATÓNLEIKAR

# KK & Ellen

Jólatónleikar KK & Ellen á adventunni

Að margra mati koma jólin ekki fyrr en að afstaðinni árlegri tónleikaröð systkinanna KK og Ellenar. Þetta er einn af þessum föstu punktum í tilverunni og árið í ár verður engin undantekning. Þessi söngelsku og sívinsalú systkini flyrja sín eigin lög í bland við sigildar jólaperlur sem koma öllum í rétta skapið. Þeim til halds og trausts verður úrvallsveit tónlistarmanna undir stjórn hljómborðsleikarans Jóns Ólafssonar. Gledilega hátíð!

<p>09.12. Fríkirkjan í Reykjavík</p> <p>10.12. Bæjarbíó, Hafnarfirði</p> <p>11.12. Salurinn, Kópavogi</p> <p>16.12. Víðalínskirkja, Garðabæ</p> <p>17.12. Hlégarður, Mosfellsbær</p> <p>18.12. Grafarvogskirkja</p>	<p>19.12. Háskólabíó</p> <p>Tónleikarnir hefjast kl. 21:00. Miðasala á <a href="http://midi.is">midi.is</a>. Miðasala á tónleika í Salnum á <a href="http://salurinn.is">salurinn.is</a>.</p> <p><b>DÆGURFLUGAN</b></p>	
---	---	--



Denis Grbic, kokkur ársins 2016, meðhöndlar lambahrygg á Grillinu.

FRÉTTABLAÐID/ERNIR

## Saga á bak við hvern bita

**LANDBÚNAÐUR** Hótel Saga býður nú upp á að geta sagt viðskiptavinum sínum hvaðan lambkjötíð sem er á boðstólum þeirra kemur. Gildir það fyrir alla veitingastaði innan hótelsins, Grillið, Skruð og Súlnasal.

Alls kaupir hótelið 80 lömb á viku eða um 10 tonn það sem eftir er árs. Kjötíð kemur frá Vopnafirði en kjöt þaðan hefur verið að skora hátt í stöðlum sauðfjárbænda undanfarin ár.

„Við erum með fyrstu veitingastöðunum á Íslandi sem getur sagt viðskiptavinum frá hvaða bæ kjötíð er. Það sem er slátrað fer bara í bland í poka í stóran frystigám og enginn veit upprunann,“ segir Ólafur Helgi Kristjánsson, yfirkokkur á Hótel Sögu.

„Við vorum að fá kjöt frá bænum Bustarfelli sem hefur hangið lengur en venjan er og við látum það hanga enn lengur. Þannig erum við að auka gæðin og fáum betra kjöt,“ segir Ólafur en viðtökurnar hafa verið góðar meðal viðskiptavina, hvort sem þeir eru erlendir eða íslenskir.

●● Við vorum að fá kjöt frá bænum Bustarfelli sem hefur hangið lengur en venjan er og við látum það hanga enn lengur.

Ólafur Helgi Kristjánsson, yfirkokkur á Hótel Sögu



Með þessu er markmiðið að koma Hótel Sögu nær eigendum sínum sem eru bændur landsins.

„Þetta er stórt skref en vonandi bara það fyrsta. Kjarnafæði og slátruhúsið á Vopnafirði hefur verið okkur innan handar og án þeirra væri þetta ómöguleg,“ segir Ólafur. Viðtökurnar hafi verið góðar.

„Það hefur verið lengi að frysta kjötíð of snemma eftir slátrun á Íslandi en með góðu samstarfi er hægt að fá meira og betra bragð,“ segir Ólafur Helgi. – bbb



# STÓLADAGAR

## 25% afsláttur af öllum eldhús-, borðstofu- og barstólum\*

\* Gildir ekki af Skovby stólum eða sérpöntunum.

### EKKI MISSA AF ÞESSU



**MARCUS**  
Borðstofustóll.  
Margir litir.

**5.993 kr.** ~~7.990 kr.~~



**ALBERTA**  
Borðstofustóll,  
svart eða grátt PVC áklæði.

**6.743 kr.** ~~8.990 kr.~~



**PARIS**  
Borðstofustóll. Margir litir með  
sterkbyggðum viðarlöppum.

**11.243 kr.** ~~14.990 kr.~~



**SEATTLE**  
Borðstofustóll. Svartur og grár  
með krómlöppum.

**6.743 kr.** ~~8.990 kr.~~



**LIF**  
Borðstofustóll.  
Svart PU leður og ljósgrátt áklæði.

**14.993 kr.** ~~19.990 kr.~~



**ANDREW**  
Borðstofustóll. Sterkt svart, brúnt  
eða grátt bundið leður.

**14.993 kr.** ~~19.990 kr.~~



**BATILDA**  
Borðstofustóll.  
Grátt áklæði og svart PU-leður.

**14.993 kr.** ~~19.990 kr.~~



**NEPTUN**  
Borðstofustóll.  
Eik. Fæst einnig svartur og hvítur.

**11.243 kr.** ~~14.990 kr.~~



**HYPE**  
Barstóll, ljósbrúnt,  
grátt og svart PU-leður.

**41.243 kr.** ~~54.990 kr.~~



**HYPE**  
Borðstofustóll, brúnt, svart eða  
grátt PU-leður og svartar lappir.

**29.993 kr.** ~~39.990 kr.~~



**DOLPHIN**  
Borðstofustóll.  
Svart eða brúnt ekta leður.

**56.243 kr.** ~~74.990 kr.~~



**NAPOLI**  
Barstóll, dökkgrár og svartur.

**14.993 kr.** ~~19.990 kr.~~

Reykjavík  
Bíldshöfði 20  
10 – 18 virka daga  
11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri  
Dalsbraut 1  
10 – 18 virka daga  
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður  
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is  
558 1100

**HÚSGAGNA  
HÖLLIN**

# Utanríkisráðherra skipaði aðstoðarmanninn í stjórn Íslandsstofu

**STJÓRNSÝSLA** Hrannar Pétursson, aðstoðarmaður utanríkisráðherra og fyrrverandi forsetaframboðandi, hefur verið skipaður í stjórn Íslandsstofu.

Hlutverk Íslandsstofu er meðal annars að vera samráðsvettvangur stjórnvalda og atvinnulífsins fyrir markaðs- og kynningarstarf á erlendri grund.

Tilkynnt var um nýja sjö manna stjórn í fyrradag og situr hún næstu þrjú ár. Skipunartími síðustu stjórnar rann út í ágúst.

„Þegar ég fékk Hrannar í ráðuneytið þá var það á faglegum en ekki pólitískum forsendum. Hann

er ekki flokksbundinn Framsóknarmaður og hefur engum skyldum að gegna gagnvart flokknum,“ segir Lilja Alfreðsdóttir utanríkisráðherra.

Lilja segir að það hafi lengi legið fyrir að skipa þyrfti nýja stjórn enda lauk skipunartíma síðustu stjórnar í ágúst. Því var ný stjórn skipuð fyrir tveimur vikum.

Að sögn Lilju leit hún þannig á málið að Hrannar væri besti maðurinn sem til boða stæði í stöðuna. Hann hafi gífurlega reynslu á þessu sviði. Í gegnum tíðina hefur Hrannar starfað á fréttastofu RÚV, sem upplýsinga-



Hrannar Pétursson. MYND/ÓLI HAUKUR

Þegar ég fékk Hrannar í ráðuneytið þá var það á faglegum en ekki pólitískum forsendum. Hann er ekki flokksbundinn Framsóknarmaður og hefur engum skyldum að gegna gagnvart flokknum.

Lilja Alfreðsdóttir utanríkisráðherra



fulltrúi Ísal og framkvæmdastjóri samskiptasviðs Vodafone. Í lok árs 2014 og upphafi árs 2015 var hann forsætisráðherra innan handar.

Lilja segir ekki tímabært að tala um hvort Hrannar verði áfram aðstoðarmaður hennar sitji hún enn í ráðherrastól að kosningum loknum.

„Ég þyrfti að sannfæra hann töluvert um að koma í ráðuneytið á sínum tíma. Við höfum ekki rætt neitt slíkt enda er það ekki tímabært. Nú einbeiti ég mér að kosningabaráttunni,“ segir Lilja Alfreðsdóttir. – jõe

## Fátækt er ekki aumingjaskapur!

Morgunverðarfundur um mataraðstoð föstudaginn 21.10. kl. 8:30 á Grand Hótel. Uppl. og skráning á Facebooksíðu EAPN á Íslandi.

EUROPEAN ANTI POVERTY NETWORK EAPN ÍSLAND **PeP** PEOPLE EXPERIENCING POVERTY PEPP ÍSLAND



## Tilkynning um framlagningu kjörskrár.

Kjörskrá í Mosfellsbæ vegna kosninga til Alþingis 29. október 2016.

Kjörskrá vegna kosninga til Alþingis sem fram fara þann 29. október 2016 liggur frammi almenningi til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar að Þverholti 2, á auglýstum opnunartíma, frá og með 19. október 2016 og til kjördags.

Mosfellsbæ 18. október 2016.

Bæjarstjórnin í Mosfellsbæ

## Stigateppi fyrir húsfélög og sameignir


Stigateppi

Hljóðdempandi, létt í þrífum og umgengni.

Mælum og gerum tilboð að kostnaðarlausu

**KJARAN**

SÍÐUMÚLI 14 108 REYKJAVÍK  
SÍMI 510 5510  
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8-18



Vísindamenn evrópsku geimvísindastofnunarinnar ESA hafa nóg að gera í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Lenda á Mars í dag og leit að lífi heldur áfram

Vísindamenn evrópsku geimvísindastofnunarinnar ESA fylgjast í dag spenntir með geimfarinu Schiaparelli, sem á að lenda á reikistjörnunni Mars nú síðdegis.

**VÍSINDI** Um þrjúleytið í dag að íslenskum tíma er áætlað að geimfar frá evrópsku geimvísindastofnuninni ESA lendi á reikistjörnunni Mars.

Þetta verður í fjórtánda sinn sem reynt er að koma geimfari til lendarar á mars, en í áttunda sinn sem það tekst.

Geimfarið Schiaparelli var leyst frá móðurferju sinni á sunnudaginn, en móðurferjan TGO fer í dag á sporbraut um Mars og gerist það um svipað leyti og Schiaparelli lendir, eða laust fyrir klukkan þrjú að íslenskum tíma.

Tilgangurinn er að leita að ummerkjum um líf á rauðu plánetunni, sem svo er nefnd. Þetta er fyrsti leiðangurinn til Mars sem sérstaklega er ætlað leita þar að lífsmark.

Þetta er fyrri hluti leiðangursins, sem nefndur hefur verið ExoMars, en árið 2018 er áætlað að önnur geimflug frá ESA lendi á Mars með búnað til að gera enn frekari rannsóknir.

Þessi fyrri leiðangur á jafnframt að undirbúa seinni leiðangurinn með því að prófa lendarbúnað og finna hentugan lendarastað.

Vísindamenn segja ýmislegt benda til þess að líf geti hafa þrífist á Mars í einhverju formi. Það geti jafnvel enn verið að finna þar.

ESA hefur einu sinni áður reynt að koma geimfari til Mars. Það var Beagle 2 sem Bretar smíðuðu og komst reyndar til Mars árið 2003, en missti strax allt samband við jörð þannig að lítið sem ekkert gagn varð af umstanginu öllu.

Rússar hafa tekið þátt í þessu verkefni með samstarfi við ESA.

Bandaríkjamönnum hefur hins vegar nokkrum sinnum tekist að senda geimfar til Mars, þar á meðal árið 2008 þegar Phobos-landarfarir sendi athyglisverðar myndir til jarðar. Á þeim mátti meðal annars greina snjókomu. [gudsteinn@frettabladid.is](mailto:gudsteinn@frettabladid.is)

### Leitin að lífi á Mars

Í dag lendir geimfarið Schiaparelli á reikistjörnunni Mars. Evrópska geimvísindastofnunin ESA sendi farið á loft í maí og væntið er að kanna hvort líf kunnist að leynast á rauðu plánetunni.

**2016: Fyrri leiðangurinn**

**Rannsóknarfar (TGO) á braut um Mars:** Greinir loftþjúpinn umhverfis í leit að lífrænum ummerkjum í lofttegundunum.

**Lendarfar (EDM):** Meginhlutverk er að prófa lendarbúnað fyrir stærri geimför á Mars.

**Rannsóknarbúnaður um borð í Schiaparelli:** Sendur niður að yfirborði Mars til að rannsaka veðurfar.

**Þrýsti-loftshemlar**

**Ending:** 2-8 dagar.

**2018: Seinni leiðangurinn**

**Kemur til Mars:** Notar svipaðan lendarbúnað og EDM.

**Samskipti:** Tekur við upplýsingum frá fyrri geimfarinu í gegnum sendistöð í Torino á Ítalíu.

**Farartækið Bridget**

**Ending:** Að minnsta kosti sjö mánuðir.

**Myndatökbúnaður:** Tekur þrívíddarmyndir af umhverfinu.

**Sólarrafhlöður**

**Mastur** Útdraganlegt og snúanlegt.

**Ökudrægni:** 100 m á hverjum marsdegi.\*

**Kostar:** 151 milljarð króna.

**Bor:** Fyrsta Marsfarið sem getur borað djúpt niður í jarðveginn og dregið út kjarnasýni til greiningar.

**Ending:** 2-3 dagar.

Heimild: ESA, Stjórnvísindastofnunin \*Marsdagur er 23 tímar og 56 mínútur © GRAPHIC NEWS

TCHAIKOVSKY

Évgení  
Ónegin

*Tímalaus rússnesk ástargaga*

MARGVERÐLAUNAÐUR ÓPERULEIKSTJÓRI  
STJARNA FRÁ BOLSHOJ LEIKHÚSINU Í TITILHLUTVERKI

**MIÐASALA Á [WWW.OPERA.IS](http://WWW.OPERA.IS)**

HLJÓMSVEITARSTJÓRI **BENJAMIN LEVY** · LEIKSTJÓRI **ANTHONY PILAVACHI**  
ANDREY ZHILIKHOVSKY · PÓRA EINARSDÓTTIR · ELMAR GILBERTSSON · NATHALÍA D. HALDÓRSDÓTTIR  
HANNA DÓRA STURLUDÓTTIR · ALINA DUBIK · RUNI BRATTABERG · HLÖÐVER SIGURÐSSON  
KÓR OG HLJÓMSVEIT ÍSLENSKU ÓPERUNNAR · LEIKMYND: EVA SIGNÝ BERGER  
LÝSING: BJÖRN BERGSTEINN GUÐMUNDSSON · BÚNINGAR: MARÍA TH. ÓLAFSDÓTTIR  
**22. OKTÓBER · 29. OKTÓBER · 6. NÓVEMBER · 12. NÓVEMBER**

   #islenskaoperan



ÍSLENSKA ÓPERAN

# Væntingar



Þorbjörn Þórðarson  
thorbjorn@frettabladid.is

Í kosningum verðlaunar fólk ekki árangur heldur kys í samræmi við væntingar. Þess vegna virka kosningaloforð. Það skiptir ekki máli hversu vel stjórnálamenn hafa staðið sig á kjörtímabilinu ef fólk hefur væntingar um að einhverjir aðrir standi sig betur í framtíðinni.

Tvö af mikilvægustu verkefnum ríkisvaldsins í velferðarsamfélagi er að tryggja að borgurum verði hjúkrað til heilsu þegar þeir þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda og tryggja jöfn tækifæri í samfélaginu með því að tryggja jafnan aðgang að menntun. Á þessum vettvangi hafa verið færð rök fyrir því að kostnaðarhlutdeild sjúklinga í íslenska heilbrigðiskerfinu samrýmist illa stjórnarskrárvörðum réttindum fólks til aðstoðar vegna sjúkleika óháð stöðu og efnahag. Með breytingum á lögum um sjúkratryggingar sem taka gildi 1. janúar næstkomandi var sett þak á kostnaðarhlutdeild sjúklinga en þakið er hvergi tilgreint í lögum sjálfum. Þannig getur ráðherra breytt þakinu með reglugerð hvenær sem er. Núna hefur Viðskiptaráð Íslands reiknað út að það kosti 37 milljarða króna á ársgrundvelli að gera heilbrigðiskerfið gjaldfrjálst og eyða þannig tilvist kostnaðarþátttökunnar. Er raunhæft að auka útgjöld ríkisins til málaflöksins sem þessu nemur í þeim tilgangi að ná þessu markmiði? Sérfræðingar McKinsey telja ekki skynsamlegt að auka útgjöld til heilbrigðiskerfisins án þess að gera samhlíða því róttækar breytingar til að auka hagkvæmni og skilvirkni í kerfinu samkvæmt skýrslu þeirra sem kom út í síðasta mánuði.

Meira en 86.500 manns skrifuðu undir áskorun til stjórnvalda á vefnum endurreisn.is um að 11 prósentum af vergri landsframleiðslu yrði varið til heilbrigðiskerfisins. Niðurfelling kostnaðarhlutdeildar sjúklinga mun auka útgjöldin um 37 milljarða króna eins og áður segir en ef markmið undirskriftasöfnunarinnar á að nást þarf að bæta 60 milljörðum króna til viðbótar á ársgrundvelli. Þetta eru því alls 97 milljarða króna viðbótarútgjöld ríkisins á ári til heilbrigðiskerfisins. Fyrir þessar kosningar liggja fyrir loforð ákveðinna flokka um að ná þessum markmiðum að hluta eða öllu leyti. Þessir flokka hafa hins vegar sviðið stór loforð í nálægri fortíð svo það er undirorpið vafa hvort þeim sé treystandi og kjósendum því vandi á höndum.

Munu þeir sem skrifuðu undir á endurreisn.is setja væntingar um aukin útgjöld til heilbrigðismála á oddinn í kosningunum 29. október og ráðstafa atkvæði sínu í samræmi við það? Kosningarnar verða í þessu tilliti prófsteinn á það hvort fólk sé alvara þegar það segir að endurbætur á heilbrigðiskerfinu séu mikilvægasta málið. Ef fólk er ekki alvara þá er ljóst að undirskriftasöfnunin var enn einn vitnisburður þess að fólk er umhugað um að virðast gott í augum samborgara sinna, til dæmis til þess að geta sagt frá því á samfélagsmiðlum, en þegar á hölminn er komið lætur það eigin hagsmuni og persónulegar væntingar ráða för þegar það tekur mikilvægar ákvarðanir.



**Kosningarnar verða í þessu tilliti prófsteinn á það hvort fólk sé alvara þegar það segir að endurbætur á heilbrigðiskerfinu séu mikilvægasta málið.**



## Tilkynning frá Yfirkjörstjórn Mosfellsbæjar.

**Auglýsing um kjörstað og aðsetur yfirkjörstjórnar Mosfellsbæjar.**

Kjörstaður vegna kosninga til Alþingis sem fram fara þann 29. október 2016 er í Lágafellsskóla við Lækjarhlíð og stendur kjörfundur frá kl. 09-22.

Aðsetur yfirkjörstjórnar á kjördag þann 29. október 2016 verður á sama stað.

Mosfellsbæ 18. október 2016.

Yfirkjörstjórn Mosfellsbæjar  
Þorbjörg Inga Jónsdóttir formaður  
Haraldur Sigurðsson  
Valur Oddsson

## Halldór



## Frá degi til dags

**Erfið samskipti, önnur útgáfa.** Samskipti minnihlutaflokkanna hafa einkennst af skringilegum formlegheitum síðustu daga. Píratar ákváðu á sunnudaginn að senda bréf til formanna fjögurra stjórnámaflokka þar sem óskað er eftir fundi með þeim vegna mögulegs samstarfs að loknum kosningum. Síðan áttu formenn flokkanna að mæta á klukkutímastöðu til þeirra eins og um einhvers konar læknastofur væri að ræða. Þetta er svona eins og að senda skeyti til móður sinnar til þess eins að bjóða henni í vöfflukaffi á sunnudagseftirmiðdegi; ekki í anda Pírata og alls ekki til þess fallið að slá á spennuna í matarboðinu.

**Kata með pálmann** Hins vegar er það svo að Píratar virðast vera að missa þetta mikla fylgi sitt og nú eru næstum því þrjár jafnstórar blokkir til í pólitísku landslagi á Íslandi. VG eru á hraðri uppleið og eru búin að ná fylgi Pírata. Það verður því að öllum líkindum mikill hausverkur fyrir sitjandi forseta að ákveða hvaða formaður taki við keflinu að loknum kosningum til að mynda ríkisstjórn. Ef fram heldur sem horfir eru Píratar búnir að missa þann sess sem þeir töldu sig hafa á sunnudaginn með því að bода til sín flokka. Nú gæti þetta legið í höndum Katrínar Jakobsdóttur. sveinn@frettabladid.is

## Þessi andsk... flugvöllur



Jón Hjaltason  
sagnfræðingur

Það á að leggja niður Reykjavíkflugvöll í Vatnsmýrinni. Á því leikur enginn vafi. Sömu menn og skera niður við trog þessa mikilvægustu samgöngumiðstöð þjóðarinnar vilja engu að síður að við kjósum þá á þing, meðal annars til að efla lífæð þjóðarinnar, sjálft samgöngukerfið. Aðspurðir út í þessi ófugmæli svara þeir: Engar áhyggjur, við byggjum nýjan flugvöll í Hvassahrauni.

Ég spyr: Trúir þú einhver að ríkissjóður verði svo troðinn fjármunum, og það fyrir árið 2022, að spanderað verði tugmilljörðum í byggingu flugvallar steinsnar frá Keflavíkflugvelli? Auðvitað ekki heldur verður innanlandsflugði fært til Keflavíkur. Líkleg afleiðing þess er að allt innanlandsflug verður óarðbært. Í kjölfarið mun Flugfélag Íslands hætta starfsemi á Íslandi og flytja sig alfarið yfir til Grænlands. Munum við sætta okkur við þessa þróun mála? Nei, að sjálf-sögðu ekki. Og hvað yrði þá til ráða? Svarið er aðeins eitt: Ríkisstyrkt innanlandsflug um ókomna framtíð.

Ég get svo sem skilið þá eingingjörnu og skammsýnu ósk Samfylkingar í Reykjavík að vilja leggja niður flugvöllinn til að byggja á honum hús en síður að Samfylkingin á Akureyri taki undir slíkan málflutning. Ég er heldur ekki ýkja trúður á þau rök að flugvöllurinn skemmi allt alvöru borgarskipulag Reykjavíkur, að hann stefni þéttingu byggðar í voða og sögi kraft úr uppbyggingu miðborgar.

Ég er hins vegar sannfærður um að borgarstjórn og hið háa Alþingi gera landsbyggðinni ekki annan óleik verri en að leggja niður flugvöllinn. Hann er sannkölluð lífæð og ég skil ekki hvernig pólitíkusar geta blygðunarlaust haldið því fram að þeir vilji efla byggð í landinu – og ekki bara á suðvesturhorninu – á sama tíma og þeir vinna að því leynt og ljóst að eyðileggja flugvöllinn í Vatnsmýri.

Ég segi því: Gerum þetta að kosningamáli. Kjósum fulltrúa okkar á þing sem skilja mikilvægi Reykjavíkflugvallar. Og eru tilbúnir að berjast gegn því að samgöngukerfi þjóðarinnar verði stórlega laskað svo byggja megi fleiri lúxus-hótel og íbúðir fyrir auðugt fólk – eða halda menn að íbúðarhúsnæði í Vatnsmýrinni verði í ódýrari kantinum?

# Að vera ekki ... er það málið?

Í DAG



Ólafur Arnarson

Um næstu mánaðamót gerist það í fyrsta sinn að einungis líða nokkrir dagar milli þingkosninga á Íslandi og þing- og forseta- kosninga í Bandaríkjunum. Hér á landi hefur kosningabaráttan verið fremur dauf og stendur í raun aðeins í örfáar vikur en vestra eru menn búnir að vera í kosningagír í meira en ár. Raunar segja margir að í Bandaríkjunum standi ávallt yfir kosningabaráttan þar sem kjörtímabilið í fulltrúadeild Bandaríkjaþings er einungis tvö ár.

Útlit er fyrir að kosningarnar í báðum löndum verði sögulegar. Hér á Íslandi er hinn svonefndi fjórflokkur kominn með fylgi niður undir helming kjósenda ef marka má skoðanakannanir. Píratar mælast stundum stærstir og stundum Sjálfstæðisflokkurinn, gamli turninn sem hefur gnæft yfir önnur stjórnmálaöfl nær samfelld frá því að hann var stofnaður. Framsókn má muna sinn fífil fegri og Samfylkingin, breiðfylling jafnaðarmanna, stefnir í svipað fylgi og Alþýðuflokkurinn gamli fékk á 8. áratug síðustu aldar eftir 12 ára viðreisnarstjórn og hrun síldarstofnsins. Af gömlu flokkunum er það aðeins VG sem má vel við una og það jafnvel mjög vel.

Píratar keppa um gullið við Sjálfstæðisflokkinn og Björt framtíð, sem fyrir örfáum vikum virtist vera að þurrkast út, er nú á góðri siglingu af einni ástæðu. Björt framtíð stóð með íslenskum neytendum þegar ný búvörulög voru keyrd í gegnum þingið. Flestir aðrir ypptu öxlum þannig að gríðarlegar álögur voru settar á herðar skattgreiðenda til tíu ára og tryggt með höftum og verndatollum að íslenskir neytendur mundu áfram greiða hæsta

verð í Evrópu fyrir matarkörfuna, sem enginn kemst hjá að kaupa. Hefði stjórnarandstaðan staðið saman vörnina fyrir neytendur hefði þurft fleiri en þau 19 atkvæði sem búvörulögin voru samþykkt með.

Viðreisn er nánast sem rif úr síðu Sjálfstæðisflokksins og einhverjir segja að með framboði Viðreisnar hafi Sjálfstæðisflokkurinn í raun klofnað í frumeindir sínar, Frjálslynda flokkinn og Íhaldsflokkinn, sem sameinuðust 1929 í Sjálfstæðisflokknum. Sé þetta svo má búast við að sættir takist fljótlega því það hentar sjálfstæðismönnum illa að vera í tveimur litlum flokkum þegar þeir geta verið í einum stórum.

Viðreisn nýtur þess í könnunum að vera ekki Sjálfstæðisflokkurinn. Kjósendur kenna Sjálfstæðisflokknum, með réttu eða röngu, um ýmislegt sem miður þykir hafa farið hér á landi og þá ekki síst hrúnið, sem hér varð 2008. Áferð Viðreisnar og Sjálfstæðisflokksins er svipuð, þegar litið er yfir framboðslista flokkanna, en Viðreisn heitir ekki Sjálfstæðisflokkurinn.

## Helsti styrkurinn

Píratar njóta þess líka að þeir eru ekki hluti af fjórflokknum. Þeir hafa verið gagnrýndir, sumpart að ósekju, fyrir að hafa ekki sett fram skýra stefnu í helstu málum og vera því sem næst óskrifad blað. En kjósendum finnst það bersýnilega allt í lagi. Stór hluti kjósenda er bara mjög sáttur við að kjósa óskrifad blað fremur en þá flokka sem stjórnað hafa landinu síðustu 100 árin eða svo. Þannig er það helsti styrkur Pírata að þeir eru ekki gömlu flokkarnir.

Hér erum við komin að því sem er líkt með kosningunum hér og í Banda-



**Og hér á Íslandi er það helsti kostur Pírata að þeir eru ekki fjórflokkurinn. Niðurstöður kosninganna hér og vestra ráðast sem sagt af því sem frambjóðendur eru ekki fremur en því sem þeir eru. Athyglisvert.**

rikjunum. Nú bendir allt til að Hillary Clinton verði kosin forseti Bandaríkjanna. Hillary er ekki vinsæll stjórnmálamaður. Hún er tortryggð og ætti

líkast til litla möguleika á kjöri undir öllum eðlilegum kringumstæðum. Donald Trump er hins vegar án efa kostulegasti forsetaframbjóðandi sem sést hefur í rötgrönu lýðræðisríki. Hann er algerlega ókjósanlegur en mælist samt með um 40 prósentu fylgi á móti Hillary Clinton. Hillary verður kosin af þeirri ástæðu að hún er ekki Donald Trump. Og það verður vissulega söguleg kosning, þegar fyrsta konan tekur við forsetaembætti í Bandaríkjunum.

Og hér á Íslandi er það helsti kostur Pírata að þeir eru ekki fjórflokkurinn. Niðurstöður kosninganna hér og vestra ráðast sem sagt af því sem frambjóðendur eru ekki fremur en því sem þeir eru. Athyglisvert.

## Stefna VG í málefnum ferðapjónustu



Jakob S. Jónsson leiðsögumaður og einn höfundar ferðamálastefnu VG



**Stefna VG gerir ráð fyrir samráði við aðila ferðapjónustunnar í smáu og stóru. Samráði við heimamenn, samráði við sveitarfélög, samráði við fyrirtækin, sem hafa byggt upp gríðarlega þekkingu í geiranum.**

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur tekið saman stefnu í ferðamálum, sem á að stuðla að því að ný ríkisstjórn geti gert það sem stjórnvöld hefðu átt að vera löngu búnir að gera, nefnilega leggja fram langtíma-áætlun um þróun ferðapjónustu á Íslandi.

Stefna VG í ferðamálum er metnaðarfull og byggir á náttúruvernd og markmiðum um haldbæra þróun. Það er nauðsynlegt, því nú þarf að gera þrennt:

1. bæta fyrir vanrækslu síðustu ára,
2. koma ferðapjónustunni í nútímalegt horf út frá sjónarmiðum náttúruverndar og
3. leggja línurnar til langs tíma, svo allir viti hvar þeir hafi ríkisvaldið, ekki síst sveitarfélögin.

Það er rétt að halda því til haga að einkaframtakið hefur unnið þrekkvirki í að byggja upp góða og metnaðarfulla þjónustu við ferðamenn. Nú starfa 24 þúsund manns í ferðapjónustu, fyrirtæki í ferðageiranum eru um 2.600 og fjöldi ferðamanna er nú orðinn á aðra milljón. Fyrir fáum árum nam fjöldi ferðamanna stærð þjóðarinnar, nú stefnir hann hraðbyri í að verða sex- til sjöföld stærð þjóðarinnar. Það verður því að fara að ræða þolmörk af alvöru. Þolmörk náttúru, félagsleg þolmörk þjóðarinnar, þolmörk ferðamanna sjálfra.

Brestir sjást í innviðum hvert sem litið er. Stórátaki er þörf í viðhaldi vega, náttúruperlur líða fyrir ágang án fyrirhyggju, löggæslu- og öryggismál hafa setið á hakanum svo fátt eitt sé nefnt. Það má vísa til Ferða-

málastofu, Stjórnstöðvar ferðamála og Samtaka aðila í ferðapjónustu um tölur um þetta allt.


Stefna VG gerir ráð fyrir samráði við aðila ferðapjónustunnar í smáu og stóru. Samráði við heimamenn, samráði við sveitarfélög, samráði við fyrirtækin, sem hafa byggt upp gríðarlega þekkingu í geiranum. VG vill mæta öllu þessu ágæta fólki með auknum framlögum til rannsóknna á sviði ferðapjónustu, vinna að framtíðarsýn og leggja línur um menntun í atvinnugeiranum öllum. Endurskoðun laga um þjóðgarða, þjóðlendur og friðlönd verður einnig í forgangi. En einkum og sér í lagi þarf að veita fyrstu hjálp vegakerfi og umhverfi náttúruvætta, sem liggja undir skemmdum, sumum óbætanlegum. Þá þarf að koma hinum svarta og gráa hluta ferðapjónustunnar í ljós og vinna að því að ferðapjónustan taki þá ábyrgð sem í því felst að vera atvinnuvegur stórs hluta erlends vinnuafis hér á landi og fyrsti viðkomustaður ungs fólks á vinnumarkaði.

Á öllum þessum sviðum er stórátaki þörf. VG heitir á góða krafta og velunnara ferðapjónustunnar að taka höndum saman með VG á nýju kjörtímabili að koma því lagi á ferðapjónustuna að hún haldi áfram að dafna sem einn mikilvægasti atvinnuvegur okkar og verði áfram stolt okkar og fjöregg!



## Nineteen Seventy-Six

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós kynnir fyrirlestur Ragnar Baldurssonar við Háskóla Íslands í HT 104, á morgun fimmtudaginn 20. október, kl. 12:00-13:10.



Ragnar Baldursson kynnir bók sína Nineteen Seventy-Six og fjallar um endurveisn kínverska heimsveldisins í kjölfar eld-dreka ársins 1976, eftir mikil umskipti í Kína. Ragnar er einn helsti sérfræðingur Vesturlanda í málefnum Kína og hefur þýtt á íslensku úr kínversku tvö af helstu öndvegisritum kínverskrar heimspeki.



Nánar um erindið á [konfusius.is](http://konfusius.is)



HÁSKÓLI ÍSLANDS



KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN NORÐURLJÓS



Bláttun  
VIÐERJAN FRANKOGAÐOTTUR  
Í Leikmánum Langvegum



# BAUHAUS®



## nordlux® Bo Jólasería

Með 48 antík hvítum LED-perum.  
Lengd 3,5 m. Fyrir rafhlöður, fylgja ekki. IP44-vottuð til notkunar utanhúss.

### 995.-

Með 120 LED-perum. Lengd 9,5 m ..... 1.295.-  
Með 180 LED-perum. Lengd 14 m. .... 1.495.-  
Með 192 LED-perum. Lengd 15 m ..... 1.995.-

## Bo ljósanet

Með 80 antík hvítum LED-perum. 1,35 m x 0,8 m. Fyrir rafhlöður, fylgja ekki. Tvöfaldur tímastillir. IP44-vottað til notkunar utanhúss.

### 1.995.-



## nordlux® String LED-jólaseriur

Seríustærðir með 40 og 120 LED-perum fást með antík hvítum og marglitum LED-perum. Allar aðrar stærðir fást aðeins antík hvítum LED-perum.

Með 40 LED-perum. Lengd 3 m. IP44-vottuð til notkunar utanhúss.

### 1.195.-

Með 80 LED-perum. Lengd 6 m. .... 1.395.-  
Með 120 LED-perum. Lengd 9 m ..... 1.695.-  
Með 160 LED-perum. Lengd 12 m. .... 1.995.-  
Með 320 LED-perum. Lengd 24 m ..... 2.995.-  
Með 480 LED-perum. Lengd 36 m ..... 3.995.-  
Með 720 LED-perum. Lengd 54 m ..... 5.995.-

## Lýsum upp skammdegið - úrvalið af



## Simply Connect grunnsería

Með 100 antík hvítum LED perum. Lengd 10 m.  
Hægt er að framlengja seríuna með allt að 10 tengiseriurum. 230 V. IP44-vottuð til notkunar utanhúss.

### 7.495.-

## Simply Connect tengisería

Með 100 antík hvítum LED perum. Lengd 10 m.  
230 V. IP44-vottuð til notkunar utanhúss ..... 6.495.-

## Simply Connect grýlukertasería

Með 88 antík hvítum LED perum. Lengd 2 x 0,7 m. Með 16 strengjum. Hægt er að framlengja seríuna með allt að 10 tengiseriurum 230 V. IP44-vottuð til notkunar utanhúss ..... 6.995.-

## Simply Connect grýlukerta tengisería

Með 88 antík hvítum LED perum. Lengd 2 x 0,7 m. 16 strengir. 230 V. IP44-vottuð til notkunar utanhúss ..... 5.995.-

## Simply Connect ljósanet

Með 144 antík hvítum LED perum. 2 x 2 m.  
Hægt er að framlengja seríuna með allt að 10 tengiseriurum. IP44-vottuð til notkunar utanhúss ..... 13.995.-

## Simply Connect gluggasería

Með 220 antík hvítum LED perum. 1,5 x 2 m.  
10 strengir. Hægt er að framlengja seríuna með allt að 5 tengiseriurum 230 V. IP44-vottuð til notkunar utanhúss ..... 14.995.-

Light  
creations

STEADY

BAUHAUS

# MEIRA EN BARA BYGGINGAVÖRUVERSLUN

MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ



KONST  
SMIDE

## LED-jólaseriur

Með 360 LED-perum.  
Fæst með antik hvítum og  
marglitum LED-perum. Lengd 2 m.  
8 stillingar. Straumbreytir fylgir.  
24 V. IP44-vottað til notkunar utanhúss.

# 7.995.-

Með 960 LED-perum. Lengd 5,6 m ..... 17.995.-  
Með 1540 LED-perum. Lengd 9 m ..... 24.995.-



## f jólaljósum hefur aldrei verið meira



### 4.995.-

#### LED-krónutré

Með 100 antik hvítum LED-perum. Hæð 120 cm.  
IP44-vottað til notkunar utanhúss.  
Með 180 LED-perum. Hæð 180 cm. .... 7.995.-



### 6.995.-

#### LED-kúplatré

2 tré. Pv. 25 cm og hæð 130 cm, með 48 antik hvítum LED-perum. Pv. 30 cm og hæð 100 cm, með 64 antik hvítum LED-perum. IP44-vottað til notkunar utanhúss.



### 15.995.-

#### LED-pílviðartré

Með 240 antik hvítum LED-perum. Hæð 180 cm.  
IP44-vottað til notkunar utanhúss.



### 19.995.-

#### LED-ljósatré með gullblöðum

Með 300 antik hvítum LED-perum. Hæð 200 cm.  
IP44-vottað til notkunar utanhúss.



### 11.995.-

#### Hreindýrabangsi, úr akrýlefni

Með 80 hvítum LED-perum. Hæð 60 cm.  
IP44-vottaður til notkunar utanhúss.



### 39.995.-

#### Elgur, úr akrýlefni

Með 200 hvítum LED-perum. Hæð 105 cm.  
IP44-vottaður til notkunar utanhúss.



### 7.995.-

KONST  
SMIDE

#### Dúfur, sett úr akrýlefni

3 stk. Með 48 hvítum LED-perum. Hæð 21 cm.  
IP44-vottað til notkunar utanhúss.

## Skattþrepið óteljandi



**Katrín Atladóttir**  
7. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkurborgardæmi suður



**Prepaskipting skatta eykur ósanngirni skattkerfisins þar sem sífellt meira er dregið af tekjum eftir því sem þær aukast.**

Skattkerfið er ætlað til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Það á að vera einfalt, gagnsætt, sanngjart og skilvirkt. Prepaskipt tekju-skattkerfi uppfyllir engin þessara skilyrða. Það er flókið, ógagnsætt, ósanngjart og óskilvirkt.

Prepaskipting skatta eykur ósanngirni skattkerfisins þar sem sífellt meira er dregið af tekjum eftir því sem þær aukast.

### Misjöfn skattþrep eru óþörf

Persónuafsláttur er skattaafsláttur sem er ávallt sama upphæð, óháð tekjum. Tekjuskattur skiptist í þrjú mishá þrep og miðast við upphæð tekna.

Misjöfn skattþrep eru í raun óþörf. Persónuafsláttur gerir skattþrepið óendanlega mörg jafnvel þó prepaskipting skatta væri aflögð.

Gerum ráð fyrir einu skattþrepi auk hámarks útsvars, 37,2%. Kona með 300 þúsund krónur í mánaðarlaun greiðir þá 20% skatt eftir að persónuafsláttur hefur verið dreginn frá. Sé hún með 400 þús-

und verður skatturinn 24% en 27% af 500 þúsund króna tekjum. Skattprósantan hækkar um heil sjö prósentustig meðan heildarlaun hækka um 200 þúsund krónur.

Skattprósantan mun því áfram hækka í þrepum eftir því sem tekjur hækka, þrátt fyrir að skattþrepið sjálf séu aflögð.

### Eitt þrep sanngjart

Sú sem aflar hærri tekna er ekki einungis að leggja til fleiri krónur heldur er skattprósenta hennar einnig hærri.

Færri skattþrep draga úr ósanngirni skattkerfisins, draga úr því að sífellt sé tekið meira úr launaumslaginu eftir því sem meira er aflað og gefa þannig aukinn hvata til þess að draga björg í bú.

Tekjuskattkerfi með einu þrepi er einnig gagnsærra, skilvirkara og ódýrara í rekstri fyrir hið opinbera.

Um áramótin mun miðþrep tekjuskattsins falla niður. Enn má þó gera betur. Við erum á réttri leið.

## Menntun fyrir nýsköpun



**Oddný Harðardóttir**  
formaður Samfylkingarinnar



**Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir**  
framkvæmdastjóri hjá HR og skipar 3. sæti Samfylkingarinnar í Reykjavík Norður



**Öflugt menntakerfi og nýsköpun sem byggir á hugviti haldast í hendur. Við þurfum meiri fjárfestingu í menntakerfinu – frá leikskólum og upp úr.**

nýjar atvinnugreinar, sem verða að undirstöðuáttvinnugreinum í samfélaginu – eins og sjá má á tækni- og upplýsingageiranum á Íslandi.

### Menntun er lykillinn

Mannauðurinn sem skapar ný tækifæri og ný fyrirtæki verður ekki til án öflugra menntakerfis. Börn eru fjöregg þjóðarinnar og okkur ber að gefa þeim tækifæri til að þroskast sem einstaklingar og þjóðfélagsþegnar. Undirstaða þess er góð menntun, frá leikskóla til háskóla.

Það er því miður staðreynd að háskólar á Íslandi eru svo undirfjármagnaðir að fyrir hrun náðu þeir rétt um 56% af því fjárfestingu sem fylgdu meðalháskólanema á Norðurlöndum.

Frá hrúni hefur þetta framlag verið skorið enn frekar niður. Í kjölfar kreppunnar ráðlögðu finnskir og sænskir sérfræðingar, sem höfðu gengið í gegnum sambærilegar hremmingar, Íslendingum að standa vörð um framlög til menntunar. Þar var sérstaklega horft til háskólamenntunar, enda er menntaður mannaúður grunnurinn að hagvexti. En við þurfum líka að skoða aðra hluta menntakerfisins. Fjársveltur framhaldsskóli mun til framtíðar ekki skila af sér útskrifuðum inn í háskóla og atvinnulíf með þá þekkingu og hæfni sem núverandi störf og störf til framtíðar þarfnast.

### Skemmtilegt samfélag

Öflugt menntakerfi og nýsköpun sem byggir á hugviti haldast í hendur. Við þurfum meiri fjárfestingu í menntakerfinu – frá leikskólum og upp úr. Þannig byggjum við upp atvinnugreinar sem grundvallast á hugviti, og með því fjölbreytt, skapandi og sjálfbært atvinnulíf til framtíðar – samkeppnishæft og skemmtilegt samfélag sem nýjar kynslóðir vilja taka þátt í að byggja upp.

## Lausnir eða lýðskrum í lífeyrismálum



**Þorvaldur Þorvaldsson**  
formaður Alþýðufylkingarinnar

Flokkur fólksins fer mikinn í þessum málum og það er ekki furða. Formaðurinn Inga Sæland er innblásin og flugmælsk og hrifur marga með málflutningi sínum. Það er líka hárrétt sem hún segir, að fátækt meðal íslenskra barna er ólíðandi og það er svo sannarlega skylda samfélagsins að tryggja öllum börnum mannsæmandi viðurværi, eins og reyndar öllum öðrum sem ekki geta gert það sjálfir.

En það eru hnókrar á málflutningnum sem er nauðsyn – já, skylda – að gagnrýna. Spurt er: Hvernig á að fjármagna bætt kjör aldraðra og öryrkja? Þau hafa svarað: með afturvirkri skattlagningu á lífeyrissjóðina; einhvers konar afnámi skattleysisins á inngreiðslur, sem hefur verið við lýði í tæp 30 ár.

Þetta er ekki hægt. Skatturinn, sem vísað er til, liggur ekki og ávaxtar sig í lífeyrissjóðunum. Hann var aldrei borgaður. Hann varð eftir hjá sjóðsfélagunum vegna frádráttar frá skattstofni. Þessi peningar eru peningarnir sem fólkíð hélt eftir og er búið að eyða fyrir löngu síðan.

Auk þess gengur ekki upp að ætla

að taka hundruð milljarða af lífeyrissjóðunum, en ætla þeim jafnframt áfram hlutverk sem ein af meginstöðum velferðarkerfisins. Ef þetta væri allt tekið af þeim, þyrftu þeir að skerða lífeyrinn mjög mikið, til viðbótar öllum þeim skerðingum sem eru þegar orðnar. Er það það sem Flokkur fólksins vill? Mundi það gagnast lífeyrisþegum?

### Betri lausn

Til allrar hamingju er til betri lausn á þessu dæmi. Ríkið á bara að yfir-taka eignir og skuldbindingar lífeyrissjóðanna og tryggja öllum mannsæmandi lífeyri. Það á að gera séreignarsjóðina upp og borga þá út. Sameignarsjóðina á að leysa upp og jafna lífeyri í landinu, þannig að allir, sem ekki geta unnið fyrir sér sjálfir, eigi rétt á sama lífeyrinum, án þess að þurfa fyrst að kaupa sér þann rétt. Ef sama gengur yfir alla, er líka auðveldara að standa saman um að upphæðin sé mannsæmandi, heldur en ef mismunandi reikni-formúlur eru notaðar fyrir öryrkja, aldraða, atvinnulausa, fólk í fæðingarorlofi, o.s.frv.

Þessi leið heitir félagsvæðing lífeyrskerfisins og er hluti af almennri félagsvæðingu fjármálakerfisins, sem Alþýðufylkingin boðar, ein flokka. Sú almenna leið felur líka í sér lausn á öðru vandamáli: Ef alþýðan hefur aðgang að félagslegri fjármálaþjónustu, þar sem vextir eru ekki teknir af hóflegum lánum, þarf hún ekki framfarir að margborga húsnæðisverðið vegna hárra vaxta.



**Ef alþýðan hefur aðgang að félagslegri fjármálaþjónustu, þar sem vextir eru ekki teknir af hóflegum lánum, þarf hún ekki framfarir að margborga húsnæðisverðið vegna hárra vaxta.**

Vextirnir sliga heimilin í dag, sliga þau sum í drep eða gjaldþrot. Þeir vextir standa undir ávöxtun lífeyrissjóðanna.

Félagslegt fjármálakerfi og velferðarkerfi er því lausnin á hvoru tveggja: Tryggir öllum rétt til mannsæmandi framfærslu, og leysir fólk um leið undan drápsklyfjum vaxta af húsnæðislánunum. Er þetta ekki hagsmunir 95% landsmanna?

Ólmusa er ekki farsæl pólitik fyrir alþýðuna og það heitir lýðskrum þegar fólk reynir að vinna fjöldans hylli með rangfærslum. En ef fólk vill slá tvær flugur í einu höggi, með félagsvæðingu fjármálakerfisins og velferðarkerfisins, visar Alþýðufylkingin leiðina: leið samstöðu og leið baráttu, leiðina úr út greipum fjármálakapitalisma. Einu leiðina til jafnaðar og félagslegs réttlætis í landinu. Hollvínir íslenskrar alþýðu eiga að styðja Alþýðufylkinguna vegna þess að Alþýðufylkingin styður alþýðuna í landinu.

## Sigur jafnaðarmennskunnar



**Stefán Jón Hafstein**  
samfélagsrýnir

Miðað við kosningabaráttuna sýnist óhætt að lýsa jafnaðarhugsjónina sigurvegara í keppninni um þingsæti. Langflestir þeirra sem vilja teljast málsmetandi grípa til hugtaka og lausna úr hugmyndafræði jafnaðarmanna og gera að sínum, enda stærstur hluti Íslendinga hliðhollur jöfnuði og almennri velferð. Undirritaður tók kosningapróf sem sýndi að hann, frjálslyndur og alþjóðlega sinnuður jafnaðarmaður, á 70-80% samleið með fjölda frambjóðenda í hvorki meira né minna en fimm flokkum í sínu kjördæmi. En við þurfum ekki smálagfæringar eða samsafn „réttlætismála“ fyrir tiltekna hópa eins og tíðkast í orðaleppum flokkanna. Heldur breiðvirkar og móttandi breytingar sem eru markverðar og varanlegar og hafa áhrif á íslenskt samfélag til aukins jafnaðar.

Þau sem almennt séð eru samála um slíkt eiga að segja kjósendum fyrir kosningar að í þeim anda muni þau starfa saman. Hér er tillaga að verkefnalista sem varðar jöfnuð:

### Efnahagslegur jöfnuður:

1) Skýr áform um að færa auðlindarentuna til landsmanna frá þeim sem nýta fiskimiðin, orkuna og náttúruna sem aðdráttarfl fyrir ferðamenn. Þetta gerist táknraent með því að færa ákvæði um sameign þjóðarinnar inn í stjórnarskrá, en beinlínis með blöndu af einföldum leiðum sem þegar er búið að benda á. Þennan auð þarf að nýta til að byggja upp félagslega innviði sem öllum gagnast, heilsugæslu, mennt-

un og samgöngur og á ekki að taka í einkaneytlu. Því Ísland, þetta ríka land, er að grotna niður innanfrá. Á þessu græðir unga fólkíð mest.

2) Stighækkandi skattar á tekjur, eignir og neyslu samhliða einfölduðum bóta- og tryggingaleiðum. Taka tilbaka eigna- og tekjufærsluna frá aldamótum til hinna ríku. Pólitísk samstaða næst frekar ef tekjuöflunarleiðir haldast í hendur við velferðarkerfisbreytingar sem eru réttlátar og gagnast þeim best sem helst þurfa á að halda.

### Pólitiskur jöfnuður:

3) Jafna atkvæðisrétt.  
4) Koma á ákvæði í stjórnarskrá sem leyfir „málskot“ tilteknum hóps fólks til að setja valdastofnunum skorður með þjóðaratkvæðagreiðslum.  
Verður að vera raunhæft úrræði og lifandi möguleiki.  
5) Reka fjölbreyttar menningarstofnanir, svo sem almannaútvarp og internet fyrir alla og víðtækt upplýsingafrelsi, til að vega upp á móti valdi markaðsaflanna.

### Félagslegur jöfnuður:

6) Fjármagna félagslegar lausnir í húsnæðismálum. Færa áherslur frekar í átt til námsmanna og barnafólks; LÍN verði jöfnunartæki fyrir menntun heima og erlendis.  
7) Færa niður skuldir ríkisins til hagsbóta fyrir komandi kynslóðir með því að létta framtíðarskuldbindingum af unga fólkinu og komandi skattgreiðendum.

### Jöfnuður fjármagns og fólks:

8) Hnika valdahlutföllum neytendum í hag frá faökun og markaðsmisnotkun. Neytendavernd kallar á ákvarðanir um að takmarka sjálf-tökurétt banka, tryggingafélaga og samþjappaðra fyrirtækja á markaði. Efla skattaeftirlit í landi þar sem eru árleg undanskot upp á 80 milljarða; skapa fjármálaeftirlit sem vakir yfir hagsmunum neytenda (og kemur í veg fyrir stuld um hábjartan dag eins og salan á Borgun, Símanum og



**Í fyrsta sinn í langan tíma á Íslandi gæti myndast ný pólitísk vidd sem er ekki persónulega eða hagsmuna- og stofnanabundin fortíðinni.**

Högum eru dæmi um ásamt aðför tryggingafélaganna að neytendum); samkeppniseftirlit sem sundrar fákeppni.

### Pólitiskur möguleiki?

Sé lítið til tíðinda á vettvangi stjórnmálanna og hvernig flokkar setja sig í samhengi við kosningar í haust má sjá að bandamenn um svona grundvallarbreytingar gætu orðið Piratar, VG, Samfylking og Viðreisn. Því miður virðist Björt framtíð velja afstöðuleysi, en kann að brá af henni.

Nýlegar ályktanir og stefnuyfirlýsingar þessara flokka hafa þann breiða grunn að geyma og skírskotun til almannahagsmuna sem duga til að mynda ríkisstjórn um svona ramma.

Í fyrsta sinn í langan tíma á Íslandi gæti myndast ný pólitísk vidd sem er ekki persónulega eða hagsmuna- og stofnanabundin fortíðinni. Skil kunna að myndast. Tveir af þessum flokkum gætu komið með þann ferskleika sem fylgir því að hafa næstum hreint borð, hinir tveir hafa engu að tapa nema ærunni ef þeir bjóða ekki fram fólk sem hefur burði til að standa undir fegurstu hugsjón sem stjórnmálin kunna frá að greina og koma henni í framkvæmd.

*Höfundur er samfélagsrýnir og birtir nýlega ítarlega grein um jöfnuð sem skoða má í held á stefnanjon.is.*



Ein vinsælasta ballettsýning allra tíma



HARPA

# Hnotubrjóturinn

*St. Petersburg Festival Ballet  
ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands*

Hátíðarballettinn frá Pétursborg snýr aftur og flytur eina fegurstu perlu dansbókmenntanna í viðhafnarbúningi ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborg. Í ár mun dansflokkurinn einnig sýna í Hofi á Akureyri ásamt Sinfóníuhljómsveit Norðurlands þann 22. nóvember.



*Eldborg*

**24. nóvember** kl. 19:30

**25. nóvember** kl. 19:30

**26. nóvember** kl. 13:00 & 17:00

Börn 12 ára og yngri fá 50% afslátt af miðaverði

Miðasala í síma 528 5050, á [harpa.is](http://harpa.is) og [tix.is](http://tix.is)

[www.harpa.is/hbr](http://www.harpa.is/hbr)

ICELANDAIR 

 Arion banki

 CENTER HOTELS

## Nýtt Öskubuskuævintýri í uppsiglingu hjá Leicester City?



Leicester City er með fullt hús í Meistaradeildinni þegar riðlakeppnin er hálfnuð. Engelsmeistararnir halda áfram að koma á óvart. Markvörður þeirra, Kasper Schmeichel, fagnar hér í leikslok en hann kom liðinu til bjargar undir lokin með rosalegri markvörslu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Nýjast

## Meistaradeild Evrópu, riðlakeppni

**E-riðill**  
**CSKA - Monaco 1-1**  
 1-0 Lacina Traore (34.), 1-1 Bernardo Silva (87.).

**Leverkusen - Tottenham 0-0**

**Staðan:** Monaco 5, Tottenham 4, Leverkusen 3, CSKA Moskva 2.

**F-riðill**  
**Real Madrid - Legia V. 5-1**  
 1-0 Gareth Bale (16.), 2-0 Marcelo (20.), 2-1 Miroslav Radovic, víti (22.), 3-1 Marco Asensio (37.), 4-1 Lucas Vazquez (68.), 5-1 Alvaro Morata (85.).

**Sporting - Dortmund 1-2**  
 0-1 Pierre-Emerick Augameyang (10.), 0-2 Julian Weigl (43.), 1-2 Bruno Cesar (67.).

**Staðan:** Real Madrid 7, Dortmund 7, Sporting 3, Legia Varsjá 0.

**G-riðill**  
**Leicester - FCK 1-0**  
 1-0 Riyad Mahrez (40.).

**Club Brugge - Porto 1-2**  
 1-0 Jelle Vossen (12.), 1-1 Miguel Layun (68.), 1-2 Andre Silva (90.).

**Staðan:** Leicester 9, FC Kaupmannahöfn 4, Porto 4, Club Brugge 0.

**H-riðill**  
**D. Zagreb - Sevilla 0-1**  
 0-1 Samir Nasri (37.).

**Lyon - Juventus 0-1**  
 0-1 Juan Cuadrado (76.).  
**Rautt:** Mario Lemina, Juventus (54.).

**Staðan:** Juventus 7, Sevilla 7, Lyon 3, Dínamo Zagreb 0.

## Tel mig eiga eitt gott ár eftir

Veigar Páll Gunnarsson samdi við Íslandsmeistara Stjórnunnar til eins árs í gær. Framherjinn, sem verður 37 ára á næstu leiktíð, var ósáttur við spiltímamann í Garðabænum. Tölfræðin sýnir að hann á mikið eftir.

**FÓTBOLTI** „Ég var búinn að heyra af áhuga FH en þegar haft var samband var þetta fljótt að gerast,“ segir Veigar Páll Gunnarsson við Fréttablaðið, en framherjinn þrautreyndi samdi við Íslandsmeistarana til eins árs á blaðamannafundi í Kaplakrika í gær. Veigar kemur til FH frá uppeldisfélagi sínu Stjórnunni þar sem hann hefur spilað eftir endurkomuna á klakann fyrir fjórum árum.

Veigar, sem verður 37 ára gamall á næsta ári, er búinn að spila meistara-flokksbolta í 20 ár og á að baki tvo Íslandsmeistaratitla með KR og Stjórnunni og einn Noregsmeistaratitil með Stabæk, en hann er talinn einn af bestu erlendu leikmönnum sem hafa spilað í norsku úrvalsdeildinni.

„Ég er stoltur og ánægður yfir að FH sýndi mér áhuga og ég mun gera allt hvað ég get til að FH haldi því striki sem félagið hefur verið á undanfarin ár,“ segir Veigar Páll en FH varð meistari annað árið í röð á nýliðnu tímabili og í áttunda sinn á síðustu þrettán árum. Það hefur aldrei endað neðar en í öðru sæti á þessu tímabili.

## Illa nýttur í Garðabænum?

Veigar Páll átti ekki fast sæti í Stjórnunni á síðustu leiktíð og langt frá því. Fyrirverandi landsliðsmaðurinn byrjaði aðeins þrjá leiki af þeim 17 sem hann spilaði á síðustu leiktíð en skoraði engu að síður fimm mörk og var eini leikmaðurinn í deildinni sem skoraði mark á minna en 90 mínútna fresti.

Veigar skoraði „ekki nema“ í þremur leikjum (tvær tvennur) sem sýnir kannski svart á hvítu hversu fáar

Ég kann fótboltann alveg í hausnum en ég þarf bara að vera í góðu formi þannig ég geti skilað því sem býr í hausnum niður í lappirnar.

Veigar Páll Gunnarsson

mínútur hann fékk hjá uppeldisfélaginu í Garðabænum sem hann vann Íslandsmeistaratitilinn með fyrir tveimur árum.

„Ég viðurkenni það, að ég var alls ekki sáttur við spiltímamann hjá Stjórnunni. Líklegt er að þetta hefði ekkert breyst á næstu leiktíð og í raun er líklegt að þetta hefði versnað. Mér gekk vel í þeim leikjum sem ég spilaði og það var glæsilegur árangur fyrir Stjórnuna að ná öðru sæti en ég vildi spila meira. Hópurinn er samt sterkur og það er þjálfarinn sem ræður,“ segir Veigar Páll sem telur sig geta gefið mikið af sér til Íslandsmeistaraliðsins á næstu leiktíð.

„Eins og mér leið á síðustu leiktíð finnst mér ég eiga eitt mjög gott ár eftir. Við fáum gott undirbúnings-tímabil og ég þarf bara að koma mér í gott form. Ég kann fótboltann alveg í hausnum en ég þarf bara að vera í góðu formi þannig ég geti skilað því sem býr í hausnum niður í lappirnar,“ segir Veigar Páll Gunnarsson.

## Á að hjálpa til við mörkin

Veigar Páll er fyrsti leikmaðurinn sem FH fær til sín eftir að tímabilinu lauk en áður var félagið búið að semja við Steven Lennon sem spilar

## Fæstar mínútur milli marka í Pepsi-deild karla 2016

Leikmenn með 3 mörk +

<b>1</b>	<b>Veigar Páll Gunnarsson</b>	84,0
<b>2</b>	<b>Atli Viðar Björnsson</b>	101,7
<b>3</b>	<b>Kristinn Freyr Sigurðsson</b>	136,0
<b>4</b>	<b>Garðar Gunnlaugsson</b>	141,1
<b>5</b>	<b>Óttar Magnús Karlsson</b>	164,9
<b>6</b>	<b>Árni Vilhjálmsson</b>	170,8

## Skorar þegar hann spilar

Veigar Páll Gunnarsson var eini leikmaðurinn sem skoraði á minna en 90 mínútna fresti í sumar, en hann skoraði fimm mörk í 17 leikjum.

oft sömu stöðu og Garðabæingurinn fyrir aftan fremsta mann. Auk þess að spila með liðinu mun Veigar þjálfari í afreksskóla FH en Hafnarfjarðarliðið virðist ætla honum

stóra hluti á næstu árum jafnt innan sem utan vallar.

„Fyrst og fremst er hann frábær fótboltamaður. Það vita allir að Veigar er frábær í fótbolta en hins vegar er hann líka mjög sterkur og stór karakter þannig að hann mun hjálpa okkur á fleiri stöðum en bara á fótboltavellinum,“ segir Ólafur Páll Snorrason, aðstoðarþjálfari FH.

FH-liðið skoraði aðeins 32 mörk á síðustu leiktíð, næstmínst af efstu fimm liðunum,

en sóknarleikurinn reyndist meisturum erfiður í sumar þó það kæmi á endanum ekki að sök.

„Við eigum eftir að sjá hvort einhverjir yfirgefi FH-liðið og hvort við þurfum þá að styrkja þann hluta leikmanna-

hópsins. Við erum með skýra sýn á það sem við ætlum að reyna að vinna í þennan veturinn og eitt af því er að skora fleiri mörk. Það er líka ein af þeim ástæðum að Veigar er mættur,“ segir Ólafur Páll Snorrason.

tomas@365.is

## Í BANN VEGNA UMMÆLA

Einar Jónsson, þjálfari Stjórnunnar, var í gær úrskurðaður í eins leiks bann fyrir ummæli sem hann lét hafa eftir sér í viðtali á Vísi í síðustu viku.

Í ofangreindu viðtali gagnrýndi Einar störf dómara í leik Stjórnunnar og Aftureldingar um þarsíðustu helgi en eftir þann leik fékk hann að líta rauða spjaldid. Einar var dæmdur í eins leiks bann vegna þess í síðustu viku.

Segir úrskurði aganefndar HSÍ sem birtur var í dag að Einar hafi með ummælum sínum vegið að „heidarleika og hlutleysi dómara þó hann hafi ekki sagt það berum orðum“.

Enn fremur segir að ummæli Einars á vefmiðlunum Vísi og fimmeinn.is teljist til skaða fyrir handknattleik á landinu.

Einar verður því í leikbanni þegar Stjórnann mætir Haukum í TM-Höllinni á fimmtudagskvöld.

## Í dag

**18.15 Meistarad.-Messan** Sport  
**18.40 Barcelona - Man. City** Sport2  
**18.40 Arsenal - Ludogorets** Sport3  
**18.40 PSG - Basel** Sport4  
**18.40 Bayern - PSV** Sport5  
**20.45 Meistaramörkin** Sport  
**02.30 CIMB Classic** Golfstöðin

**19.15 Grindavík - Njarðvík** Röstin  
**19.15 Keflavík - Skallagr.** TM-höllin  
**19.15 Stjórnann - Valur** TM-höllin  
**19.15 Haukar - Snæfell** Schenkerh.



# Auglýsing

**frá landskjörstjórn um framboð við alþingiskosningar 29. október 2016.**

Samkvæmt 44. gr. laga um kosningar til Alþingis er hér með gert kunnugt að við alþingiskosningar 29. október 2016 verða þessir listar í kjöri:

## Norðvesturkjördæmi

***A – listi Bjartrar framtíðar:***

- G. Valdimar Valdemarsson,** kt. 210561-2429, framkvæmdastjóri, Hofakri 7, Garðabæ.
- Kristín Sigurgeirsdóttir,** kt. 040275-4959, skólaritari, Skógarflöt 8, Akranesi.
- Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir,** kt. 091178-4789, skólaliði, Stíllholti 7, Akranesi.
- Matthías Freyr Matthíasson,** kt. 010280-5169, barnaverndar-starfsmaður og laganemi, Suðurvangi 4, Hafnarfirði.
- Gunnsteinn Sigurðsson,** kt. 081264-4819, umsjónarþroskaþjálfri, Brautarholti 10, Ólafsvík.
- Gunnlaugur I. Möller Grétarsson,** kt. 230570-3969, leiðsögumaður, Smiðjugötu 2, Ísafirði.
- Elín Matthildur Kristinsdóttir,** kt. 270472-3119, deildarstjóri og meistaranemi, Borgarbraut 43, Borgarnesi.
- Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir,** kt. 311067-5839, hjúkrunarfræðingur, Bjarnargrund 38, Akranesi.
- Haraldur Reynisson,** kt. 011266-5849, grunnskólakennari, Ljárskógum 18, Reykjavík.
- Emilía Íris Lindal Garðarsdóttir,** kt. 140181-5289, myndlistarmaður, Háteigi 10, Akranesi.
- Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir,** kt. 170671-4229, kennari og bæjarfulltrúi, Smáraflöt 1, Akranesi.
- Hafþór Óskarsson,** kt. 180285-2109, ferðamálafræðingur, Vesturgötu 65, Reykjavík.
- Ingunn Jónasdóttir,** kt. 300848-4009, kennari, Eskihlíð 10, Reykjavík.
- Guðmundur R. Björnsson,** kt. 010177-3759, tæknifræðingur, gæðastjóri, Álfaskeiði 78, Hafnarfirði.
- Kristján E. Guðmundsson,** kt. 311044-4439, framhaldsskóla-kennari, Berlín, Þýskalandi.
- Árni Múli Jónasson,** kt. 140559-7769, framkvæmdastjóri, Garðavegi 6, Hafnarfirði.

***B – listi Framsóknarflokks:***

- Gunnar Bragi Sveinsson,** kt. 090668-4129, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Sauðármýri 3, Sauðárkróki.
- Elsa Lára Arnardóttir,** kt. 301275-5529, alþingismaður, Eikarskógum 4, Akranesi.
- Sigurður Páll Jónsson,** kt. 230658-2349, útgerðarmaður, Hjallatanga 46, Stykkishólmi.
- Lilja Sigurðardóttir,** kt. 150986-2499, sjávarútvegs-fræðingur, Strandgötu 15a, Patreksfirði.
- Jón Kristófer Sigmarsson,** kt. 160372-3979, bóndi, Hæli, Húnavatnshreppi.
- Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir,** kt. 140996-3279, leiðbeinandi á leikskóla, Bakkakoti 1, Borgarnesi.
- Jón Árnason,** kt. 160670-4529, skipstjóri, Aðalstræti 83, Patreksfirði.
- Eydís Bára Jóhannsdóttir,** kt. 150376-4089, grunnskólakennari, Hlíðarvegi 14, Hvammstanga.
- Einar Guðmann Örnólfsson,** kt. 210273-3799, bóndi, Sigmundarstöðum, Borgarbyggð.

- Halldór Logi Friðgeirsson,** kt. 040575-3169, skipstjóri, Kviabala 3, Drangsnesi.
- Ísak Óli Traustason,** kt. 161095-3039, nemi, Syðri-Hofdölum, Skagafirði.
- Gauti Geirsson,** kt. 290493-3239, aðstoðarmaður ráðherra, Móholti 11, Ísafirði.
- Heiðrún Sandra Grettisdóttir,** kt. 070590-3019, starfsmaður á hjúkrunarheimili, Hofakri, Dalabyggð.
- Kristin E. Guðmundsdóttir,** kt. 300967-5909, húsfreyja, Arnarkletti 6, Borgarnesi.
- Sigrún Ólafsdóttir,** kt. 040241-3539, fyrrv. bóndi, Brún, Húnaþingi vestra.
- Gísli V. Halldórsson,** kt. 190943-4539, fyrrv. framkvæmdastjóri, Kvíaholti 21, Borgarnesi.

***C – listi Viðreisnar:***

- Gylfi Ólafsson,** kt. 020583-4879, heilsuhagfræðingur, Sjafnargötu 6, Reykjavík.
- Lee Ann Maginnis,** kt. 291085-2029, lögfræðingur og verkefnastjóri, Húnabraut 42, Blönduósi.
- Sturla Rafn Guðmundsson,** kt. 221050-4799, svæðisstjóri RARIK, Löngulínu 30, Garðabæ.
- Lisbet Harðardóttir Ólafardóttir,** kt. 100885-2479, málari, ráðgjafi og leiðsögumaður, Seljalandsvegi 6, Ísafirði.
- Dagbjartur Gunnar Lúðvíksson,** kt. 121189-2089, lögfræðingur, Keilufelli 33, Reykjavík.
- Maren Lind Másdóttir,** kt. 290786-2829, iðnverkfræðingur, Gnoðarvogi 72, Reykjavík.
- Jón Ottesen Hauksson,** kt. 200783-4769, framkvæmdastjóri, Brúarflöt 4, Akranesi.
- Ása Katrín Bjarnadóttir,** kt. 180690-3289, nemi, Sandabraut 6, Akranesi.
- Jóhannes H. Hauksson,** kt. 270562-3619, mjólkurfræðingur, Brekkuhvammí 1, Búðardal.
- Jóhanna G. Jónasdóttir,** kt. 020358-5649, leikskólastjóri, Mýrarbraut 19, Blönduósi.
- Ragnar Már Ragnarsson,** kt. 200373-5109, byggingarfræðingur, Aðalgötu 7, Stykkishólmi.
- Unnur Björk Arnfjörð,** kt. 010576-3349, skólastjóri, Mánagötu 3, Ísafirði.
- Pálmi Pálmason,** kt. 230451-4439, framkvæmdastjóri, Höfðagrund 3, Akranesi.
- Ragnheiður Jónasdóttir,** kt. 300462-5889, verkefnastjóri, Hólmaflöt 7, Akranesi.
- Auður H. Ólafsdóttir,** kt. 191263-4649, hjúkrunarfræðingur, Urðarvegi 27, Ísafirði.
- Jóhannes Finnur Halldórsson,** kt. 181254-2039, hagfræðingur, Kirkjubraut 12, Akranesi.

***D – listi Sjálfstæðisflokks:***

- Haraldur Benediktsson,** kt. 230166-5529, bóndi og alþingismaður, Vestri-Reyni, Hvalfjarðarsveit.
- Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir,** kt. 041187-3879, lögfræðingur og aðstoðarmaður ráðherra, Furugrund 58, Kópavogi.

- Teitur Björn Einarsson,** kt. 010480-3379, lögfræðingur og aðstoðarmaður ráðherra, Nesvegi 43, Reykjavík.
- Hafdís Gunnarsdóttir,** kt. 140680-4199, forstöðumaður, Silfurgötu 7, Ísafirði.
- Jónína E. Arnardóttir,** kt. 100267-4549, tónlistarkennari og sveitarstjórnarfulltrúi, Þórunnargötu 2, Borgarnesi.
- Aðalsteinn Orri Arason,** kt. 061291-3699, verktaki og búfræðingur, Norðurbrún 1, Varmahlíð.
- June Scholtz,** kt. 290864-2089, fiskvinnslukona, Munaðarhóli 21, Hellissandi.
- Unnur V. Hilmarsdóttir,** kt. 160673-3119, oddviti sveitarstjórnar Húnaþings Vestra, Brekkugötu 8, Hvammstanga.
- Ásgeir Sveinsson,** kt. 010582-3699, formaður bæjarráðs Vesturbyggðar, Strandgötu 19, Patreksfirði.
- Steinunn G. Einarsdóttir,** kt. 010183-4809, sjómaður og ferðamálafræðingur, Drafnargötu 6, Flateyri.
- Sigríður Ólafsdóttir,** kt. 210682-5629, ráðunautur og sauðfjárbóndi, Viðidalstungu, Húnaþingi vestra.
- Böðvar Sturluson,** kt. 120683-4899, vörubifreiðastjóri og framkvæmdastjóri, Reynimel 92, Reykjavík.
- Pálmi Jóhannsson,** kt. 010379-5129, framkvæmdastjóri og pipulagningamaður, Sunnubraut 14, Búðardal.
- Guðmundur Brynjar Júlíusson,** kt. 120294-2969, nemi, Suðurgötu 71, Akranesi.
- Þrúður Kristjánsdóttir,** kt. 210738-7899, fyrrv. skólastjóri, Sunnubraut 19, Búðardal.
- Einar K. Guðfinnsson,** kt. 021255-4679, forseti Alþingis, Bakkastíg 9, Bolungarvík.

***E – listi Íslensku þjóðfylkingarinnar:***

- Jens G. Jensson,** kt. 190752-3649, skipstjóri, Laugarnesvegi 100, Reykjavík.
- Valgeir Jóhann Ólafsson,** kt. 120459-5899, skipstjóri, Eyrarvegi 7, Flateyri.
- Þóra Katla Bjarnadóttir,** kt. 140562-5219, leikskólakennari, Holtagötu 9, Súðavík.
- Einar Hjaltason,** kt. 050555-3489, skipstjóri, Vesturvangi 30, Hafnarfirði.
- Birgir Loftsson,** kt. 130567-4369, sagnfræðingur, Hjallabraut 86, Hafnarfirði.
- Sandra Rós Ólafsdóttir,** kt. 080587-3099, öryrki, Tindaflöt 2, Akranesi.
- Þórður Kr. Sigurðsson,** kt. 141265-5209, öryrki, Holtagötu 9, Súðavík.
- Ingi B. Jónasson,** kt. 241040-3569, eldri borgari, Tröllateigi 24, Mosfellsbæ.
- Jón Pálmi Pálmason,** kt. 080358-3429, vélstjóri, Lækjasmára 17, Kópavogi.
- Guðmundur J. Þórðarson,** kt. 160747-2189, smiður, Árbæjarhjáleigu, Flóahreppi.

- Jens Quental Jensson,** kt. 281097-3779, nemi, Laugarnesvegi 100, Reykjavík.
- Helga Ágústsdóttir,** kt. 250171-4559, kennari, Hjallabraut 86, Hafnarfirði.
- Valdimar Jónsson,** kt. 051064-2919, bílstjóri, Vesturgötu 111, Akranesi.
- Jón Jónsson,** kt. 131038-4299, verkamaður, Tindaflöt 4, Akranesi.
- Anna Ágústa Birgisdóttir,** kt. 120494-3259, nemi, Hjallabraut 86, Hafnarfirði.
- Kári Þór Birgisson,** kt. 220898-2299, nemi, Hjallabraut 86, Hafnarfirði.

***F – listi Flokks fólksins:***

- Ólafur S. Ögmundsson,** kt. 180644-4829, vélstjóri, Háholti 5, Hafnarfirði.
- Hjördís Heiða Ásmundsdóttir,** kt. 050188-2219, húsmóðir, Arnarkletti 26, Borgarnesi.
- Bjarki Þór Aðalsteinsson,** kt. 260782-5099, verkamaður, Jörundarholti 18a, Akranesi.
- Þröstur Ólafsson,** kt. 160162-2289, vélstjóri, Kirkjustétt 7, Reykjavík.
- Þorbergur Þórðarson,** kt. 200538-7499, smiður, Heiðargerði 3, Akranesi.
- Eva Lind Smáradóttir,** kt. 040295-2599, afgreiðslustúlka, Reykjavíkurvegi 50, Hafnarfirði.
- Guðjón Sigmundsson,** kt. 190557-4729, safnstjóri, Bakka 1, Hvalfjarðarsveit.
- Karl Friðrik Bragason,** kt. 171275-5209, vinnuvélastjóri, Fellsmúla 13, Reykjavík.
- Kristinn Jens Kristinsson,** kt. 081173-4359, verkamaður, Hagafliöt 9, Akranesi.
- Auðunn Snævar Ólafsson,** kt. 161273-4579, sjálfstæður atvinnurekandi, Háholti 5, Hafnarfirði.
- Böðvar Jónsson,** kt. 200642-4309, vélfræðingur, Arnartanga 33, Mosfellsbæ.
- Ögmundur G. Matthíasson,** kt. 100168-3759, bifvélavirki, Norðurbyggð 9a, Þorlákshöfn.
- Jóhanna Kristín Guðmundsdóttir,** kt. 280435-3099, hjúkrunarfræðingur, Krókatúni 13, Akranesi.
- Jóhann H. Óskarsson,** kt. 220152-3169, sjómaður, Hábrekku 16, Ólafsvík.
- Guðleif Andrésdóttir,** kt. 190641-2369, forstöðumaður, Gunnlaugsgötu 12, Borgarnesi.
- Steingrímur Bragason,** kt. 081042-4629, framhaldsskólakennari, Vogabraut 34, Akranesi.

***P – listi Pírata:***

- Eva Pandora Baldursdóttir,** kt. 081090-2979, viðskiptafræðingur, Grenihlíð 12, Sauðárkróki.
- Gunnar I. Guðmundsson,** kt. 171283-2219, skipstjórnarmaður, Þvergötu 3, Ísafirði.
- Eiríkur Þór Theódórsson,** kt. 110290-2769, sýningarstjóri, Berugötu 8, Borgarnesi.
- Þorgeir Pálsson,** kt. 100463-5989, framkvæmdastjóri, Borgarbraut 27, Hólmavík.

- Vigdís Pálsdóttir**, kt. 040245-3249, fyrrv. sendiráðsritari, Dilahæð 7, Borgarnesi.
- Hildur Jónsdóttir**, kt. 040590-3159, nemi, Vesturgötu 156, Akranesi.
- Elís Svavarsson**, kt. 190488-4039, stjórn málafræðingur, Rauðavaði 9, Reykjavík.
- Gunnar Örn Rögnvaldsson**, kt. 231183-2729, sundlaugarvörður, Seljalandsvegi 14, Ísafirði.
- Ómar Ísak Hjartarson**, kt. 130990-3399, tónlistarmaður, Bogabraut 15, Skagaströnd.
- Egill Hansson**, kt. 070794-3499, nemi, Kveldúlfsgötu 10, Borgarnesi.
- Ragnheiður Steina Ólafsdóttir**, kt. 180872-4189, öryrki, Bröttugötu 4b, Borgarnesi.
- Halldór Óli Gunnarsson**, kt. 010488-3389, þjóðfræðingur, Böðvarsgötu 5, Borgarnesi.
- Geir Konráð Theodórsson**, kt. 150186-3589, hugmyndasmiður, Skúlagötu 9a, Borgarnesi.
- Margrét S. Hannesdóttir**, kt. 140950-2549, bókavörður, Traðarlandi 13, Bolungarvík.
- Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir**, kt. 280787-2489, framkvæmdastjóri, Dysjum, Garðabæ.
- Herbert Snorrason**, kt. 181085-2909, bóksali, Aðalstræti 33, Ísafirði.

### S – listi Samfylkingarinnar – jafnaðarmannaflokks Íslands:

- Guðjón S. Brjásson**, kt. 220355-3659, forstjóri, Laugarbraut 15, Akranesi.
- Inga B. Bjarnadóttir**, kt. 270993-3469, háskólanemi, Kveldúlfsgötu 27, Borgarnesi.
- Hörður Rikharðsson**, kt. 291262-5899, kennari, Brekkubyggð 4, Blönduósi.
- Pálína Jóhannsdóttir**, kt. 290181-5189, kennari, Hlíðarstræti 21, Bolungarvík.
- Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir**, kt. 110661-2079, verkefnastjóri, Víðidal, Varmahlíð.
- Garðar Svansson**, kt. 171168-5039, fangavörður, Ölkelduvegi 9, Grundarfirði.
- Sæmundur Kr. Þorvaldsson**, kt. 210656-3759, framkvæmdastjóri, Lyngholti, Pingeyri.
- Guðjón Viðar Guðjónsson**, kt. 271159-4639, rafvirki, Jörundarholti 22, Akranesi.
- Guðrún Eggertsdóttir**, kt. 130176-5189, viðskiptafræðingur, Brunnum 8, Patreksfirði.
- Pétur Arnarsson**, kt. 021068-5869, slökkviliðsstjóri, Fífusundi 6, Hvammstanga.
- Gerður Jóh. Jóhannsdóttir**, kt. 200476-2989, héraðsskjalavörður, Víðigerði 1, Akranesi.
- Eysteinn Gunnarsson**, kt. 301055-5369, rafveituvirki, Lækjartúni 2, Hólmavík.
- Sólveig Heiða Úlfsdóttir**, kt. 130993-3039, háskólanemi, Brákarsundi 7, Borgarnesi.
- Bryndís Friðgeirsdóttir**, kt. 041157-5509, verkefnastjóri, Hlíðarvegi 37, Ísafirði.
- Gunnar Rúnar Kristjánsson**, kt. 290857-4579, verkefnastjóri, Akri, Húnavatnshreppi.
- Sigrún Ásmundsdóttir**, kt. 171251-3979, iðjupjálfi, Dalsflöt 8, Akranesi.

### T – listi Dögunar – stjórn mála-samtaka um réttlæti, sanngirni og lýðræði:

- Sigurjón Þórðarson**, kt. 290664-4119, heilbrigðisfulltrúi, Skagfirðingabraut 13, Sauðárkróki.
- Pálmey Helga Gísladóttir**, kt. 031154-4569, lyfjtaeknir, Jónsgeisla 57, Reykjavík.
- Þórður Alexander Úlfar Júlíusson**, kt. 080397-2839, nemi, Seljalandsvegi 100, Ísafirði.
- Pétur Guðmundsson**, kt. 230644-4549, æðarbóndi, Ófeigsfirði 1, Árneshreppi.
- Guðjón Arnar Kristjánsson**, kt. 050744-3459, fyrrv. alþingismaður, Reykjabyggð 20, Mosfellsbæ.
- K. Hulda Guðmundsdóttir**, kt. 040560-2709, skógarbóndi, Fitjum, Skorradal.
- Guðrún Dadda Ásmundardóttir**, kt. 121072-3789, iðjupjálfi, Galtalæk 2, Hvalfjarðarsveit.
- Sigurlaug Þ. Ragnarsdóttir**, kt. 170764-5289, listfræðingur, Vallarkór 2b, Kópavogi.
- Árni Arnar Sigurpálsson**, kt. 280255-3949, hótelstjóri, Flétturima 6, Reykjavík.
- Ásthildur Cesil Þórðardóttir**, kt. 110944-4469, fyrrv. garðyrkjustjóri, Seljalandsvegi 100, Ísafirði.
- Þórir Traustason**, kt. 021277-3049, sjómaður, Brimnesvegi 18, Flateyri.
- Elisabet A. Pétursdóttir**, kt. 130857-4429, bóndi, Sæbóli 2, Flateyri.
- Hanna Þ. Þórðardóttir**, kt. 020680-5719, atvinnurekandi, Kaupvangstorgi 1, Sauðárkróki.
- Pálmi Sighvats**, kt. 240146-4289, húsgagnabólstrari, Drekahlíð 7, Sauðárkróki.
- Ragnar Ólafur Guðmundsson**, kt. 040359-2659, harðfiskverkandi, Aðalstræti 51, Pingeyri.
- Helgi Jónas Helgason**, kt. 090443-4299, bóndi, Pursstöðum, Borgarbyggð.

### V – listi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs:

- Lilja Rafney Magnúsdóttir**, kt. 240657-7919, alþingismaður, Hjallavegi 31, Suðureyri.
- Bjarni Jónsson**, kt. 060666-3939, forstöðumaður, Raftahlíð 70, Sauðárkróki.
- Dagný Rósa Úlfarsdóttir**, kt. 210176-3149, grunnskólakennari, Ytra-Hóli, Skagabyggð.
- Rúnar Gíslason**, kt. 170496-3029, leiðbeinandi, Brákarbraut 4, Borgarnesi.
- Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir**, kt. 260986-3259, líffræðingur og kennari, Kleppjárnsreykjum, Reykholti.
- Reynir Þór Eyvindsson**, kt. 190363-4149, verkfræðingur, Skógarflöt 25, Akranesi.
- Hjördís Pálsdóttir**, kt. 080686-2699, safnstjóri, Bókhlöðustíg 1, Stykkishólmi.
- Þröstur Þór Ólafsson**, kt. 221265-5139, iðnkennari, Steinsstaðaflöt 21, Akranesi.
Boxið.is er nú með þúsund vörunúmer en einungis Sigurð og frænda hans að störfum. Hann býst svo við að ráða fleiri með aukinni eftirspurn. – sg

## Vikan sem leið

# 3.049

eignir skráðar

Í ágúst voru 3.049 eignir skráðar til útleigu á Airbnb í Reykjavík, tæplega 80 prósent fleiri en í ágúst 2015. Á hverjum degi í júlí var ein af hverjum átta íbúðum í 101 Reykjavík í leigu til ferðamanna í gegnum Airbnb. Þetta kemur fram í nýrri greiningu Íslandsbanka, Íslenskur íbúðamarkaður 2016.

# 69%

hlutur

Greint var frá því á mánudag að samkomulag hefði náðst um kaup á 69 prósent hlut í Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni ehf. Seljendur eru Eignarhaldsfélagið Þorgerður ehf., F-13 ehf. og Lind ehf. Fyrir kaupendum fara framtakssjóðirnir Akur fjárfestingar slhf. og Horn III slhf. ásamt hópi einkafjárfesta. Auður I, hefur verið stærsti hluthafi frá 2010.

## MARKAÐURINN


ÚTGÁFUFLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301

Umsjón Hafliði Helgason hafliði@365.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Vefvang visir.is



Guðmundur Fertram Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Kerecis, ásamt Baldri Tuma og Hilmarí. MYND/BIRGIR ÍSLEIFUR GUNNARSSON

# Kerecis hlýtur 100 milljóna fjárframlag

Íslenska lækningavörufyrirtækið Kerecis hefur gengið til samninga í þriðja sinn við bandarísk varnarmálayfirvöld. Fyrirtækið fær 100 milljónir. Kerecis opnaði nýverið skrifstofu í Washington DC til að auka samstarf enn frekar á næstunni.

Kerecis og bandaríska varnarmálaráðuneytið hafa gengið frá samningi um gerð sérútgáfu af sáraróði til að meðhöndla brunasár á særðum hermönnum.

Í kjölfar aukinnar tíðni á brunasárum í hernaði setti Bandaríkjaþing nýverið lög um 46 milljóna dollara, 5,3 milljarða króna, sérframlag til læknisfræðilegrar þróunar á meðferðarúrræðum fyrir brunasár og hefur Kerecis hlotið fjárframlag úr fjárveitingunni sem nemur í upphafi um 100 milljónum króna.

Kerecis er íslenskt þróunar-, framleiðslu- og markaðsfyrirtæki sem starfar á lækningavörumarkaði.

Fram kemur í tilkynningu að ákjósanlegasta meðhöndlun á brunasárum sem ná inn í hold eða bein er meðhöndlun í upphafi með líkhúð og á seinni stigum með samgræðingum (húð flutt af einum stað á annan á líkama þess slasaða). Hvorug þessara aðferða hentar til notkunar á herspitölum á átaka-svæðum og felur verkefnið í sér að sérstök útgáfa af sáraróðinu verður þróuð og prófuð fyrir þessa notkun. Húð af spendýrum hentar illa þar

Með þessu verkefni færur við okkur yfir í bráðaáverka eins og brunasár eru.

Baldur Tumi Baldursson, húðsjúkdómalæknir hjá Kerecis



sem meðhöndla þarf slíka húð sérstaklega vegna smithættu en slík smithætta er ekki til staðar milli fiska og manna.


„Í hernaðarátökum undanfarinna ára hefur brunaáverkum fjölgað mjög hjá bandarískum hermönnum og það er sérstakt áhersluefni bandarískra stjórnvalda að þróa bætt meðferðarúrræði. Það er frábært að bandaríski herinn skuli velja okkur til samstarfs í þessu verkefni sem gagnast mun bæði hermönnum sem slasast á átaka-svæðum en ekki síður almenningi sem slasast við sín daglegu störf,“

segir Hilmar Kjartansson, bráðalæknir hjá Kerecis.

„Við höfum undanfarin ár einbeitt okkur að meðhöndlun á sykursýkissárum og öðrum þrálátum sárum. Með þessu verkefni og öðrum verkefnum sem við höfum unnið með bandarískum yfirvöldum undanfarin ár færur við okkur yfir í bráðaáverka eins og brunasár eru,“ segir Baldur Tumi Baldursson, húðsjúkdómalæknir hjá Kerecis.

Þessi þriðji samningur Kerecis við bandarísk varnarmálayfirvöld er við rannsókn- og lækningavöruiðnaðarvæðing bandaríska landhersins. Fyrir vinnur Kerecis að verkefnum með sárarannsóknasetri bandaríska landhersins og rannsóknamiðstöð bandaríska sjóhersins og er framgangur þeirra verkefna samkvæmt áætlun.

Kerecis á því í samstarfi við þrjár stofnanir bandarískra varnarmálayfirvalda og stefnir að því að auka það samstarf enn frekar á næstu misserum. Opnun skrifstofu Kerecis í Washington DC nýverið er hluti af þeim áætlunum. saeunn@frettabladid.is



## ER ÞITT FYRIRTÆKI Á FLUGI?

Regluleg ferðalög á vegum fyrirtækisins eru oft nauðsynleg. Það getur því borgað sig að gera fyrirtækjasamning við Icelandair.

ICELANDAIR



## Grænt umhverfi fyrir þitt fyrirtæki

Reitir fasteignafélag býður viðskiptavinum sínum upp á grænt leigusamband. Með grænu leigusambandi hjálpum við þér að breyta atvinnuhúsnæðinu þínu í vistvænan vinnustað.

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis með um 140 eignir til leigu um allt land. Markmið okkar er að vera leiðandi í mótun umhverfisvitundar í íslensku atvinnulífi.

**Kynntu þér græna reiti á [reitir.is](http://reitir.is).**

Kringlan 4-12

103 Reykjavík

[www.reitir.is](http://www.reitir.is)

575 9000



Grænt leigusamband Reitir er samstarf um vistvænan rekstur atvinnuhúsnæðis.

# REITIR

*Velkomin til starfa*



Ánægðir með kaup Eimskips á Extraco. Frá vinstri Dick Vlasblom, Dick de Weerd, Arie Verrijp, Edwin Zwaal, Bragi Þór Marinósson og Óskar Friðriksson.

## Eimskip efla þjónustu kæliflutninga í Hollandi

Eimskip hefur keypt 90 prósent hlut í flutningsmiðlunarfyritækinu Extraco Internationale Expeditie B.V. í Hollandi. Þetta er fyrsta fjárfesting af nokkrum sem Eimskip áformar til eflingar á kjarnastarfsemi sinni á komandi mánuðum. Félagið veitir um tveimur og hálfum milljarði króna.

Hjá Extraco starfa 19 manns og mun stór hluti stjórnendateymis fyrirtækisins halda áfram störfum og eiga 10 prósent eignarhlut í félaginu. Helstu þjónustupættir þess eru þjónusta við innflytjendur á frysti- og kælivöru til Hollands, auk þess að sjá um innflutningspappír, birgðahald, tollafgreiðslu og dreifingu á frystum og kældum afurðum í Evrópu.

Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips,

segir kaupin falla vel að þeirri starfsemi sem fyrir er hjá Eimskip í Rotterdam og bætast við þann klasa fyrirtækja sem eru í þjónustu Eimskips í Rotterdam. „Við erum með þessu að bæta við hlekkjum í okkar þjónustukeðju og við sjáum fram á samlegð með þessum kaupum. Þetta eru fyrstu kaupin af nokkrum sem við höfum boðað til að styrkja starfsemi okkar,“ segir Gylfi.

Gylfi segir að samlegðin liggja meðal annars í því að starfsmenn Extraco muni færast í höfuðstöðvar félagsins og nýta stöðstarfsemi Eimskips. „Þessir aðilar eru í flutningsmiðlun og við komum með flutningahlutann í samstarfið. Með þessu eflum við þjónustu okkar í kælistöðum flutningum.“ – hh

## Icelandair sótti 17 milljarða

Icelandair Group seldi óverðtryggt skuldabréf fyrir 150 milljónir dollara eða ríflega 17 milljarða króna í alþjóðlegu skuldabréfaútboði. Fjármunirnir verð nýttir til að greiða inn á kaup félagsins á nýjum flugvélum sem afhentar verða árið 2018.

Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála Icelandair Group, segir að kjörin séu ásættanleg, en bréfin bera 3,5% óverðtryggt vexti ofan á libor eða millibankavexti. „Í samanburði við annað sem er á markaðnum eru þetta ágætis kjör.“ Hann bendir á að bréfin séu

í samanburði við annað sem er á markaðnum eru þetta ágætis kjör.

Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála Icelandair Group

í dollurum, en meira framboð er af evrum á markaðnum og álag lægra. Icelandair gerir upp í dollurum og dollarinn er ríkjandi mynt í viðskiptum hjá flugfélögum.

Utgáfan er til marks um vaxandi aðgengi Íslendinga að erlendum mörkuðum, en fram til þessa hafa einkum fjármálafyrirtæki sótt sér fé á erlenda markaði með útgáfu skuldabréfa.



# merking

....framleiðir

Smyrlabjörg

Nóntorg

Bjarkaland

Höfnin

Umferðarmerki og skilti....

Viðarhöfða 4 www.merking.is Sími: 562-7044

# Aðstoðarforritin gætu leyst snjallsímana af

Gríðarlegar framfarir hafa orðið í gervigreind á síðustu sex árum. Fyrirtæki eru í auknum mæli að nýta gervigreind til að leysa vandamál í viðskiptaheiminum. Meðstofnandi Siri segir að ekki þurfi að óttast gervigreind.

„Aðstoðarforrit sem byggja á gervigreind, viðmót eins og Siri, gætu orðið að næsta veraldarvefnum,“ þetta segir Adam Cheyer, einn af meðstofnendum Siri og sérfræðingur í gervigreind. Hann hélt ávarp á ráðstefnu Nýherja í gær, Gervigreind – meiri bylting en netið?

Á tíu ára fresti breytist það hvernig fólk á í samskiptum við tölvur. Fyrst var það Windows, svo veraldarvefurinn, svo snjallsímar. iPhone fagnar tíu ára afmæli á næsta ári og að mati Cheyers eru aðstoðarforrit sem byggja á gervigreind, sem öll helstu tæknifyrirtæki í dag eru að þróa, það sem mun taka við af snjallsímunum.

Aðstoðarforrit geta nýst í aðstöðum þar sem maður getur ekki notað snjallsíma, til dæmis við uppvaskið, eða þegar maður er að keyra.

Finnur Oddsson, forstjóri Nýherja, setti ráðstefnuna. Hann benti á að í dag værum við að upplifa framfarir í tækni á meiri hraða en áður, og að tíminn sem við lifum væri líklega einn sá allra mest spennandi sem mannkynið hefur upplifað. „Það sem þótti vísindaskáldskapur fyrir nokkrum árum er orðið að raunveruleika, Amazon til dæmis sýnir okkur vörur sem okkur langar til að kaupa, áður en við vitum að við viljum þær,“ sagði Finnur.

Gríðarlegar framfarir hafa átt sér stað í gervigreind á síðustu fimm til sex árum. „Við erum í miðri gervigreindarsprengingu. Síðustu sex ár hafa verið ótrúleg fyrir gervigreind allt frá því að Siri-appið með raddstýrðu aðstoðarkerfi kom á markað árið 2010,“ segir Cheyer.

„Ég hef unnið í gervigreind í þrjátíu ár og það eru framfarir sem hafa átt sér stað síðan þá sem ég átti ekki von á að myndu eiga sér stað á æviskeiði mínu,“ sagði Cheyer.

Þrátt fyrir þessa miklu þróun benti Cheyer á að það séu mörg svið gervigreindar þar sem enn á eftir að leysa hvernig eigi að nýta greindina almennt. „Það er til dæmis búið að þróa gervigreind til að tölva geti unnið manneskju í GO en við kunnum ekki að láta sömu tölvuna vinna einhvern í skák í kjölfarið.“

Cheyer gerði grein fyrir þeirri átt sem gervigreind stefnir í. „Áður fyrr voru manneskjur að forrita



Adam Cheyer fór yfir það á fundinum hvernig gervigreind virkar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Við erum í miðri gervigreindarsprengingu. Síðustu sex ár hafa verið ótrúleg fyrir gervigreind.

Adam Cheyer



allan kóða, en nú geta tölvur lært, til dæmis getur tölva fundið út úr því sjálf, án aðstoðar manneskju hvernig veðrið verður í Boston. Eg held að framtíðin byggji á samspili á

milli fólks og gervigreindar í að forrita flókin prógrömm sem hvorugt gæti gert einn.“

Að mati Cheyers er fólk í auknum mæli að nýta sér gervigreind þar sem aðgangur að henni er auðveldari en áður. Hann benti á hvernig alls konar fyrirtæki væru nú að nýta sér gervigreind til að leysa vandamál sín.

Cheyer svaraði spurningunni um það hvort við ættum að óttast gervigreind. Að mati Cheyers segir hann það vert að ihuga spurninguna og mögulega framþróun tækninnar en eins og málin standi núna sé ekki þörf á að óttast tæknina.

saeunn@frettabladid.is

## Eigendur Art Medica tóku 56 milljónir í arð

Fyrirtækið IVF Iceland sem rak Art Medica, einu stöðina sem sinnti tæknifrjóvgunum hér á landi, hagnaðist um 51,9 milljónir króna á síðasta ári. Hagnaðurinn dróst saman um rúmlega fjórar milljónir milli ára.

Eigendur Art Medica tóku út 56 milljónir króna í arð vegna ársins 2015. Þetta er mun minna en árið áður þegar greiddur var út arður upp á 265 milljónir króna, en meira en þegar greiddar voru út 44 milljónir króna vegna ársins 2013.

Hluthafar í IVF Iceland voru tveir í árslok 2015, þeir Guðmundur Arason og Þórður Óskarsson, og áttu þeir 50 prósent hlut hvor.

Gjaldskrárhækkanir urðu hjá fyrirtækinu í september árið 2015. Þá hækkaði glasamedferð um 37 þúsund krónur, úr 376 þúsund krónum í 413 þúsund krónur. Greint var frá því að mikil óánægja væri með hækkanirnar.

Í desember á síðasta ári var svo greint frá því að sænska fyrirtækið



Gjaldskrárhækkanir urðu hjá fyrirtækinu í september árið 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

IVF Sverige myndi opna nýja tæknifrjóvgunardeild í Reykjavík, IVF klíníkin Reykjavík. Fyrirtækið keypti Art Medica og var sú starfsemi lögð niður.

Rekstrartekjur IVF Iceland námu 64 milljónum króna og jukust um

fjórar milljónir milli ára. Eignir í árslok námu 94,7 milljónum króna, samanborið við 120,3 milljónir króna árið áður. Eigið fé í árslok var 58,8 milljónir króna, samanborið við 62,9 milljónir árið áður. –sg



# HP Spectre

Einstök hönnun og nánast fullkomin

Ótrúlega þunn og létt fartölva sem á sér enga líka



Ótrúlega þunn,  
aðeins 10.4 mm  
og 1.1 kg.



Einstök  
rafhlöðuending,  
ný „hybrid“ tækni.



Frábært hljóð  
frá Bang & Olufsen.



Intel® Core™ i5 eða  
i7 og Thunderbolt  
3.0 tengi.

Allar nánari upplýsingar á [www.ok.is/premium](http://www.ok.is/premium)

Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Inside merkið, Intel Core, Intel Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.



Opin Kerfi  
– allt er mögulegt

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is

# Hugsar til langs tíma

Magnea Þórey Hjálmarsdóttir hefur verið framkvæmdastjóri Icelandair Hotels frá árinu 2005. Hún telur að „þetta reddast“ viðhorfið dugi ekki lengur til í móttöku ferðamanna á Íslandi. Mikilvægt sé að varan standi undir háum kostnaði.

Sæunn  
Gísladóttir  
saeunn@frettabladid.is



Það er mikið rætt um að við séum að taka á móti of mörgum ferðamönnum til landsins, í stað þess að laða hingað til lands færri, betur borgandi gesti. En til að svo megi verða þurfum við að tryggja að virði upplifunar standi undir hærra verði en nú er, og það gerum við einungis með því að vernda okkar dýrmætustu náttúruauðlindir annars vegar, og með því að þróa hér þjónustu og afþreyingu sem stendur undir væntingum,” segir Magnea Þórey Hjálmarsdóttir, framkvæmdastjóri Icelandair Hotels.

„Flestir eru tilbúnir að borga fyrir það sem maður upplifir verðmæti í, en þegar eftirspurnin er orðin meiri en framboðið þá geta allir verðlagt sig hátt, og þá er hætta á að fólk komi heim og segi vinum sínum að upplifunin hafi verið of dýr miðað við gæðin. Ungu kynslóðin treystir númer eitt, tvö og þrjú á reynslu annarra. Þannig að það skiptir miklu máli að umsagnirnar sem fara héðan séu ekki of mikið í þá veruna,” segir Magnea.

Nýverið opnaði Icelandair Hotels nýtt hótél í miðbæ Reykjavíkur, Canopy by Hilton Reykjavík City Centre, með sérleyfissamning við Hilton International. Þar hafa nú þegar birst gestir sem ekki hafa sést á öðrum hótélum Icelandair Hotels. „Þetta eru Hilton demanta- og gullkortahafar sem ferðast í 150 til 200 daga á ári, virkilega sjóðir ferðamenn sem biðu eftir að hótelið væri opnað til að prófa. Þessi hópur kemur þegar búð er að fjárfesta í vörunni sem hann vill njóta,” segir Magnea.

Magnea hefur starfað hjá Icelandair Hotels (sem áður hét Flugleiða-hótél) með hléum frá árinu 1994, en hefur sinnt núverandi starfi frá árinu 2005. Magnea lærði hótélrekstur í Sviss. Hún hefur starfað í hóteliðnaðinum frá árinu 1991 og unnið í Sviss og Japan.

Ferðamannageirinn á Íslandi hefur breyst gríðarlega síðastliðinn áratug, að mati Magneu, ekki bara hvað varðar fjölgun ferðamanna heldur einnig vegna viðhorfsbreytingar meðal yngri ferðalanga til ferðalaga almennt. Ferðapjónusta almennt einkennist af auknum metnaði, samfélagsvitund hefur aukist og meiri áhersla er lögð á umhverfismál og vistvænan rekstur. Metnaður er lagður í stefnumótun til lengri tíma og uppbyggingu.

**Flestir eru tilbúnir að borga fyrir það sem maður upplifir verðmæti í, en þegar eftirspurnin er orðin meira en framboðið þá geta allir verðlagt sig hátt, og þá er hætta á að fólk komi heim og segi vinum sínum að upplifunin hafi verið of dýr miðað við gæðin.**

Icelandair Hotels rekur 21 hótél með 1.600 herbergjum um allt land. Í byrjun júlí var opnað nýjasta hótél fyrirtækisins, Canopy Reykjavík, sem er fyrsta Canopy hótél í heiminum, en það er partur af nýrri lífsstilskeðju Hilton International. Rúmlega 20 önnur Canopy hótél munu fylgja í kjölfarið á næstu tveimur árum viðsvegar um heiminn.

„Við finnum fyrir þessu breytta viðhorfi hér. Þegar við opnuðum Canopy Reykjavík var ungt fólk að koma hingað með börnin sín, það er forgangsríði hjá ungu kynslóðinni í dag að börn upplifi heiminn. Ungu kynslóðin er í deiliahagkerfinu, hugsar ekki endilega um eignir, en leggur rosalega áherslu á upplifun og á það að vikka sjóndeildarhringinn. Þessi kynslóð er skynsöm, borðar hollt, og vill vita hvaðan maturinn kemur. Hún er mjög meðvituð um heilsu og hreyfir sig meira en nokkur önnur kynslóð,” segir Magnea.

„Ísland er í kjöraðstöðu til að þróa áfangastaðinn áfram til handa þeim sem leggja áherslu á heilbrigðan lífsstíl, hreyfingu, hollan mat og útiveru. Hér eru kjöraðstaður fyrir þennan ört vaxandi markhóp, en þjónustuna þarf að þróa áfram,” segir Magnea.

Magnea segir að þetta breytta viðhorf bæði hjá ungu kynslóðinni og hjá samfélaginu almennt um aukna samfélagsmeðvitund og meðvitund um nærliggjandi umhverfi hafi einnig haft áhrif á mótun hótela Icelandair Hotels.

„Áður fyrr voru hótél byggð því það vantaði rúm og það var ekki mikil pæling út fyrir það. Nú erum við að fjárfesta í erlendum vörumerkjum og ígrundum vel hvaða vörumerki við veljum til samstarfs. Canopy snýst um að þróa ný hverfi, vinna að staðbundinni upplifun, allt á að vera ósvikið hvort sem það er maturinn eða eitthvað annað,” segir Magnea.

„Við vildum að hótelið félli inn í umhverfið, og að götumynd Hverfisgötu með sjarmerandi gömlum húsum fengi að halda sér, í stað þess að einn stór kumbaldi merktur „hótél“ tæki yfir. Ef við viljum nýta það tækifæri sem fjölgun ferðamanna hefur fært okkur sem best, þá byggjum við ekki fyrir næstu komandi ferðatímabil heldur fyrir næstu kynslóðir ferðamanna og tókum mið af þeim breytingum sem eru að eiga sér stað í ferðamynstri yngri kynslóða og kröfum. Við eigum að nýta grunnstöðir okkar og náttúruauðlindir til að skapa verðmæti í formi ógleymanlegrar upplifunar fyrir þá sem sækja í útivistina, hreina loftið og matinn. Ef við vinnum markvissa stefnumótun með verndun náttúruauðlinda að leiðarljósi og þróun innviða í átt að aukinni tekjumyndun og verðmætasköpun þá er framtíðin björt og verkefnið verulega spennandi. Við sem stöndum vaktina núna á þessum tímum berum ábyrgð, bæði umhverfis- og samfélagsábyrgð og eigum að vanda okkur þannig að næstu áratugi höfum við gott viðskiptatækifæri til lengri tíma,” segir Magnea.

Icelandair Hotels hefur sett stefnuna á uppbyggingu í miðbæ Reykjavíkur til næstu ára. „Við munum bæta við 350 herbergjum í lúxusgæðaflokki í Reykjavík fyrir árið 2018. Á næsta ári bætist Reykjavík Consulate Hotel við í Hafnarstræti og árið 2018 bætist Icelandair Parliament



Magnea Þórey Hjálmarsdóttir segir mikilvægt að hugsa ekki bara um næstu komandi ferðatímabil heldur til komandi kynslóða ferðamanna.  
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## NÝTUR LÍFSINS BETUR MEÐ BENECTA

**Vistor hf. kynnr** Benecta er íslenskt fæðubótarefni unnið úr rækjuskel, sem stuðlar að úrvinnslu á bólgum í líkamanum og verndun vefja í stoðkerfi. Grétar Rafn Steinsson notar Benecta með góðum árangri.

„Harður heimur atvinnumennskunnar í fótbolta skildi eftir sig laskaðan líkama“ segir Grétar Rafn Steinsson, fyrrverandi atvinnumaður í fótbolta og núverandi tæknilegur framkvæmdastjóri Fleetwood Town á Englandi. „Með Benecta og daglegri hreyfingu nýt ég þess að vera í krefjandi vinnu og stunda áhugamálín. Þökk sé Benecta frá Siglufirði, mínum gamla heimabæ,“ segir Grétar Rafn.

### DREGUR ÚR BÓLGUM

„Benecta styður við náttúrulega viðgerðarferla í líkamanum og hjálpar til við bólguúrvinnslu og getur þannig stuðlað að aukinni hreyfigetu,“ segir Guðný Trausta-dóttir, markaðstengill hjá Vistor hf.

Benecta inniheldur kítínfásýkrur sem eru unnar úr rækjuskel. Sykrungarnir bindast bólgupróteínum í líkamanum og hjálpa líkamanum að vinna úr bólgum og styðja við uppbyggingu vefja og auka þannig liðleika og hreyfigetu.

Með daglegri inntöku má draga úr bólgum og óþægindum og þannig auka úthald og orku. Jafnframt stuðlar Benecta að endurnýjun vefja (s.s. brjósks, sína og beina) og hjálpar þannig til við að viðhalda heilbrigðu stoðkerfi.

### NOTKUN BENECTA

Dagleg inntaka Benecta getur hjálpað líkamanum að vinna úr bólgum hvort sem þær eru af völdum álags eða hækkandi aldurs.

### BENECTA ER ÆTLAÐ FULL-ORÐNUM, 18 ÁRA OG ELÐRI

Skammtar: 2 hylki á dag fyrstu mánuðina. Eftir það 1-2 hylki á dag. Mælt er með því að taka Benecta á fastandi maga. Ekki skal taka meira en ráðlagðan dagskammt (2 hylki).

Benecta er ekki ætlað þunguðum konum eða einstaklingum með skelfiskofnæmi.

### ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Benecta er framleitt af íslenska líftæknifyrirtækinu Genís. Mikil




„Með Benecta og daglegri hreyfingu nýt ég þess að vera í krefjandi vinnu og stunda áhugamálín. Þökk sé Benecta frá Siglufirði, mínum gamla heimabæ,“ segir Grétar Rafn.

### BENECTA

- Hjálpar líkamanum að vinna úr bólgum
- Styður við uppbyggingu vefja s.s. brjósks, sína og beina
- Hjálpar til við að viðhalda heilbrigðu stoðkerfi
- Auðveldar hreyfigetu

þróunarvinna og áralangar rannsóknir liggja að baki vörunni sem byggir á sérhæfðri þekkingu



Bólga er náttúrulegur og nauðsynlegur fylgikvillur vefjaskaða. Þegar bólgan hefur unnið sína vinnu tekur við annað ferli sem er kallað bólguúrvinnsla (Resolution). Þetta ferli stýrir niðurlotum bólgu og styður við vefjanýmyndun.

**Innihaldslýsing:** Hvert hylki inniheldur 300 mg af kítínfásýkrum sem unnar eru úr rækjuskel. Engin aukaefni eru í Benecta.


tengdri framleiðslu á lyfjum og fæðubótarefnum unnum úr rækjuskel. Þróun Benecta hefur staðið yfir undanfarinn áratug í samstarfi við íslenska og erlenda vísindamenn.

**Benecta fæst í apótekum, Heilsuhúsinu og Perform.is**

FRÉTTABLAÐIÐ

# 91%

af lesendum dagblaða\* á höfuðborgarsvæðinu á aldersbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega.



\*Fréttablaðið og Morgunblaðið.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson  
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elin Albertsdóttir, [elin@365.is](mailto:elin@365.is), s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, [liljabjork@365.is](mailto:liljabjork@365.is), s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, [heida@365.is](mailto:heida@365.is), s. 512 5367  
 Sólveig Gísladóttir, [solveig@365.is](mailto:solveig@365.is), s. 512 5357 | Starri Freyr Jónsson, [starri@365.is](mailto:starri@365.is), s. 512 5358  
 Vera Einarisdóttir, [vera@365.is](mailto:vera@365.is), s. 512 5357 **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, [atlib@365.is](mailto:atlib@365.is), s. 512 5457 | Jóhann Waage, [johannwaage@365.is](mailto:johannwaage@365.is), s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, [jonivar@365.is](mailto:jonivar@365.is), s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, [olafurh@365.is](mailto:olafurh@365.is), s. 512 5433

**GEZE**



## Sjálfvirkur hurðaropnunarþúnaður

fyrir húsfélög og fyrirtæki, ásamt uppsetningu og viðhaldi Hentar vel fyrir aðgengi hreyfihamlaðra.

**JARNGLER**

Skútuvogur 1H | 104 Reykjavík | S: 5858900 | [www.jarnglers.is](http://www.jarnglers.is)



„Kvikmyndahátíðir eru stundum kallaðar sjöunda listformið því þær innihalda öll hin listformin og markmiðið er að þarna mætist listamenn úr öllum geirum,“ segir Dögg Mósesdóttir, framkvæmdastjóri Northern Wave. MYND/GVA

# MIKILVÆG HÁTÍÐ

Frystiklefinn á Rífi hýsir alþjóðlegu kvikmyndahátíðina Northern Wave um næstu helgi. Boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá fyrir alla aldurshópa. Fiskréttakeppnin er sívinsæll og fastur dagskrárliður.

**Starri Freyr Jónsson**

[starri@365.is](mailto:starri@365.is)



Alþjóðlega kvikmyndahátíðin Northern Wave fer fram í níunda skiptið á Rífi í Snæfellsbæ dagana 21.-23. október. Hátíðin er haldin í menningarmiðstöðinni Frystiklefanum og meðal dagskrárliða er stuttmyndamarabon, vídeólist, íslensk tónlistarmyndbönd, fiskréttakeppni, tónleikar og hreyfimyndanámskeið fyrir grunnskóla-börn.

Dögg Mósesdóttir er stofnandi og framkvæmdastjóri hátíðarinnar en hugmyndin að hátíðinni kviknaði þegar hún var í kvikmyndanámi í Barcelona. „Menningar-sjóður Vesturlands hvatti fólk á svæðinu til að halda listahátíð á Vesturlandi en ég ákvað að prófa að sækja um fyrir stuttmyndahátíð. Kvikmyndahátíðir eru stundum kallaðar sjöunda listformið því þær innihalda öll hin listformin og markmiðið er að þarna mætist listamenn úr öllum geirum.“

Hátíðin hefst kl. 18 á föstudag og verða fjölmargir skemmtilegir og spennandi dagskrárliðir um helgina að sögn Daggar. „Þar má m.a. nefna sýningu á íslenskum tónlistarmyndböndum á föstudag þar sem áhorfendur munu velja besta myndbandið. Daginn eftir verður masterklassi með Ilmi Kristjánssdóttur leiknonu sem Kári Viðarsson, eigandi Frystiklefans, leiðir. Þar geta áhorfendur spurt Ilmi spurninga. Um kvöldið er svo fiskréttakeppnin sívinsæla þar sem Hrefna Rósa Sætran er dómari. Í kjölfarið verða tónleikar, þar koma fram fimm tónlistaratriði sem eiga myndband á hátíðinni. Þetta eru Védís Hervör, Hafdís Hulð, Bláskjár, Futuregrapher og Cryptochrome.“

### ÖFLUG BARNADAGSKRÁ

Á sunnudaginn eru íslenskar stuttmyndir á dagskrá. Einnig verður sýndur afrakstur úr hreyfimynda-smíðju barna og boðið verður upp á skuggasmíðju fyrir börn og foreldra. „Við ætlum að vera með



Fiskréttakeppnin tengir kvikmyndagerðarfólkið og íbúa bæjarins.

8 mm sýningarvél í gangi allan laugardaginn þar sem krakkar fá tækifæri til að þræða vélina og búa til sitt eigið bíó. Þetta er í fyrsta skipti sem við leggjum svona mikla áherslu á að vera með öflugum dagskrá fyrir börn. Hátíðin endar svo með verðlaunaafhendingu á sunnudeginum.“

Fiskréttakeppnin er orðin fastur dagskrárliður á hátíðinni sem flestum þykir skemmtilegur og ómissandi hluti hennar. „Keppnin hófst fyrir fjórum árum. Þá langaði mig að finna leið til að leyfa þorpsbúum að sýna hvað þeir hafa fram að færa sem svar við öllum þessum kvikmyndasýningum. Mig langaði til að búa til samtal á milli bæjarbúa og kvikmyndagerðarfólksins og þar sem þetta er sjávarþorp þá lá í augum uppi að halda fiskveislu. Í hana koma þorpsbúar með eigin rétti, úr hræfni af staðnum og keppa til verðlauna eins og kvikmyndagerðarfólkið.“

### MIKILVÆG SAMFÉLAGINU

Dögg segir Northern Wave vera mikilvæga hátíð fyrir grasrót kvikmyndagerðar hér á landi. „Á henni er rými fyrir myndir sem eru vanalega ekki til sýningar á kvikmyndahátíðum, svo sem tónlistarmyndbönd og vídeóverk og

við fögnum sérstaklega myndum sem fara nýjar leiðir með kvikmyndatungumálið. Auk þess er hátíðin mjög öflug kynning á svæðinu en nokkur kvikmyndaverkefni hafa verið gerð klár hér sem bein afleiðing af hátíðinni. Þar að auki auðgar þetta menningarflórana á landsbyggðinni en rannsóknir sýna að menningarviðburðir gera íbúa stoltari af bæjarfélaginu sínu. Fólk vill nefnilega frekar búa þar sem er einhver menning.“

Dagskrá hátíðarinnar má finna á [www.northernwavefestival.com](http://www.northernwavefestival.com). Hún fer öll fram í Frystiklefanum fyrir utan hreyfimyndanámskeið fyrir börn sem fer fram í Ólafsvík. Frítt er inn á allar sýningar hátíðarinnar en þó er tekið við frjálsu framlögum. „Við seljum arm-bönd til styrktar hátíðinni sem kosta 4.000 kr. og veita ýmis fríðindi. Þau veita t.d. ókeypis aðgang í sundlaug Ólafsvíkur alla helgina, ókeypis skutlþjónusta á milli bæjarfélaga, frítt popp alla helgina og ókeypis drykki í fiskveislunni miklu.“

Hátíðin er auk þess á Facebook (The Northern Wave Film Festival), Snapchat (northernwaveiff) og Instagram (northernwave\_ice-land).

**AXOR**  
hansgrohe

Listaverk  
Hönnun  
Þægindi

Starck V



**ÍSLEIFUR JÓNSSON**

Draghálsi 14 - 16 · Sími 4 12 12 00 · [isleifur.is](http://isleifur.is)

Lækkaðu verðið á GSM reikningnum þínum

**365**

**ENDALAUS**  
SÍMTÖL & SMS  
**Í ALLA**  
OG ÞÚ VELUR ÞANN  
GAGNAMAGNSPAKKA SEM HENTAR ÞÉR

0 GB <b>790 KR</b>	1 GB <b>1680 KR</b>	5 GB <b>2680 KR</b>	30 GB* <b>2990 KR</b>
-----------------------	------------------------	------------------------	--------------------------

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á 365.IS OG SÍMA 1817

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



S A F T





## BÍLAR & FARARTÆKI

### Toyota Kaupþúni



TOYOTA Yaris h/b live. Árgætt 2015, ekinn 38 P.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.090.000. Tilboð 1.890.000 Rnr.990519.

Toyota Kaupþúni  
Kaupþúni 6, 210 Garðabær  
Sími: 570 5070  
www.toyotakaupthuni.is

## KRÓKUR



Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur  
Sími: 522 4600  
http://www.krokur.net

## bilfang.is

S. 567 2000



### ÓDÝR BENZ !

M-Benz E 220 Elegance CDI Diesel 05/2004 ek 614 þ.km, Leður, gott viðhald. Fæst á 490 þús !!!



### PRIGGJA MANNA !

Peugeot Partner (3 sæti) Diesel 07/2011 ek 89 þ.km 90 HÖ (AC, rafmagn ofl) Verð nú 1250 þús + VSK !!!



### NETTUR OG LIPUR !

Citroen Nemo Diesel 06/2013 ek 72 þ.km sumar og ny nagladekk ! verð nú aðeins 1250 þús með VSK !!!

## bilfang.is

S. 567 2000



Ford Transit Connect DIESEL 02/2011 ek 105 þ.km verð nú 1190 þús + VSK !!!

Bílasalan Bílfang  
Malarhöfða 2, 110 Rvk.  
Sími: 567 2000  
Seljum í dag !  
www.bilfang.is

## hjól.is

bestir í hjólum...



### ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA !

HONDA VTX 1800 árg. 2007 ek. 7 Pkm, hlaðið aukahlutum, Sissybar, rúða, töskur, hiti í handföngum, ofl. ofl. 1 eigandi, algjör gullmoli, möguleiki á 100% vísaláni, tilboðaverð 999 þús !! GSM 893-9500

hjól.is  
Sími: 577 4565  
Erum með yfir 100 tæki á staðnum.....Kíktu í heimsókn!!!  
www.hjol.is

## bíll.is

bestir í bílum...



### TILBOÐ ALLT Í ÖLLU BÍLL !

M.BENZ SPRINTER árg. 2004 ek. 205 PKM, Sjálfskiptur, krókur, álfelgur, mikið endurnýjaður, full-innréttaður hjólabíll með svenplási og eldhúsi, tilboðaverð 1790 þús !! GSM 893-9500



### BÍLL DAGSINS !!!

HONDA CRV árg. 2016 ek. 38 þkm Sjálfsk, hlaðin aukahlutum, möguleiki á 90% láni, tilboðsverð 4790 þús, GSM 893-9500



### SPARIBAUKUR !!!

HYUNDAI I10 COMFORT árg. 2016 ek. 29 Pkm, 5 gíra, algjör sparibaukur, möguleiki á 90% láni, tilboðsverð 1550 þús, GSM 893-9500

Bíll.is  
Sími: 577 3777  
www.bill.is

## 567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS



MAZDA 2 takara. Árgætt 2014, ekinn aðeins 31 P.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.680.000. Rnr.340185.



OPEL Astra sports tourer. Árgætt 2016, ekinn 16 P.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.990.000. Rnr.211811.



SUBARU Legacy outback premium. Árgætt 2015, ekinn 43 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.190.000. Rnr.211803.



NISSAN Qashqai se. Árgætt 2012, ekinn aðeins 37 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.290.000. Gull fallegur og vel með farinn Rnr.115444.

## 567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS



LAND ROVER Discovery sd hse. Árgætt 2014, ekinn 27 P.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 11.950.000. Umboðsbíll og stóra dísel vélin Rnr.330704.

Nýja bílahöllin  
Eirhöfða 11, 110 Rvk.  
Sími: 567 2277  
www.nyja.is

365  
Lestkaðu verð á GSM reikningum þínum

## ENDAL AUS

### SÍMTÖL & SMS Í ALLA

OG ÞÚ VELUR ÞANN GAGNAMAGNSPAKKA SEM HENTAR ÞÉR

0 GB 790 KR	1 GB 1680 KR
5 GB 2680 KR	30 GB* 2990 KR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á 365.IS OG SÍMA 1817



HÖFÐABÍLAR  
577 4747

Opíð  
virka daga 10:00-18:00  
laugardaga 12:00-15:00

Heitt  
á könnunni.

Finndu okkur  
á Facebook

Vegna mikillar sölu undanfarið  
óskum við eftir bílum á skrá.



KIA Sportage luxury.  
Árgætt 2016, ekinn 36 P.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar.  
Verð 5.890.000. Rnr.111478.



TOYOTA Rav4 gx plus.  
Árgætt 2015, ekinn 71 P.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar.  
Verð 4.890.000. Rnr.222199.



TOYOTA Rav4 gx plus.  
Árgætt 2015, ekinn 52 P.KM, dísel, 6 gírar.  
Verð 4.390.000. Rnr.111523.



TOYOTA Auris sol.  
Árgætt 2015, ekinn 48 P.KM, bensín, sjálfskiptur.  
Verð 2.990.000. Rnr.221917.



SUBARU Xv 2.0i.  
Árgætt 2015, ekinn 79 P.KM, bensín, sjálfskiptur.  
Verð 3.750.000. Rnr.210563.



SUBARU Forester Premium.  
Árgætt 2015, ekinn 88 P.KM, bensín, sjálfskiptur.  
Verð 4.190.000. Rnr.111537.



RENAULT Kadjar.  
Árgætt 2016, ekinn 38 P.KM, dísel, 6 gírar.  
Verð 3.940.000. Rnr.111462.



RENAULT Clio.  
Árgætt 2016, ekinn 24 P.KM, bensín, 5 gírar.  
Verð 1.890.000. Rnr.111452.



NISSAN Pulsar acenta.  
Árgætt 2015, ekinn 57 P.KM, dísel, 6 gírar.  
Verð 2.890.000. Rnr.222184.



MMC Outlander intense.  
Árgætt 2015, ekinn 48 P.KM, bensín, sjálfskiptur.  
Verð 4.590.000. Rnr.222106.



MMC Asx intense - 4wd.  
Árgætt 2015, ekinn 34 P.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar.  
Verð 4.390.000. Rnr.111476.



LAND ROVER Discovery 4 HSE.  
Árgætt 2013, ekinn 57 P.KM, dísel, sjálfskiptur.  
Hlaðinn aukabúnaði. Verð 11.850.000. Rnr.222263.



Höfðabílar • S: 577 4747 • Fosshálsi 27 (Draghálsmegin), 110 Reykjavík • hofdabilar.is



## Bílar til sölu



## FRÁBÆR SNATTARI !!!

Kia Rio LX 2015, 1,4 dísel, hvítur, beinskiptur, ekinn 53 þús. km. Sumar- og nagladekk fylgja. Verð 1.950.000,-. Uppl. í s. 7736898

## 250-499 þús.



**TILBOÐ 430.000 100% LÁN**  
Toyota Corolla 2004 ek. 238 þús, nýleg kúpling, góð heilsársdekk, sk. 17 bíll í góðu standi, ásett verð 590 þús  
TILBOÐ 430 þús möguleiki á 100% láni s. 841 8955



## ÓDÝR SPARIBAUKUR

Citron C3 26.11.2003 sk. 17, 5 grá, finn bíll sem eyðir litlu ásett verð 390 þús Tilboð 290 þús möguleiki á 100% láni s. 841 8955

## 500-999 þús.



## 7 MANNA - 100% LÁN

Honda Odyssey 2002 ek. 115 þús m. Sjálfskiptur, sk. 17, leður, dvd, 3ja punkta belti í öllum sætum ofl. mjög vel úbuinn bíll, verð 890 þús, möguleiki á 100% láni s. 841 8955



## FLOTTUR VINNUBÍLL 100% LÁN

VW CADDY 2.0 ECOFUEL MAXI 6/2007 lengri týpan ek. 108 þús, skipt um tímareim í 82 þús, beinskiptur, ásett verð 1290 þús  
TILBOÐ 990 þús möguleiki á 100% láni í 36 man s. 841 8955

## Bílar óskast

## BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.

Má þarfnast lagfæringa.  
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

## Hjólbarðar



## FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ

Ný og notuð dekk í miklu úrvali.  
Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Til sölu Good year Duratrac 31"gróf microskorin og negld vetrardekk á 15" álfelgum undan Hilux lítið slitin. Verð 160 þús. S. 8973327

Ábendingnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



## Varahlutir



Hágæða höggdeyfar í fólksbíla og jeppa.

Stál og Stansar ehf.  
Vagnhóli 7 - sími 517 5000

## Startarar &amp; alternatorar

í bíla, báta og vinnuvélar



## Bílaraf

Flatahrauni 25 - Hafnarfirði

Sími 564 0400

[www.bilaraf.is](http://www.bilaraf.is)

## ÞJÓNUSTA

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

## REGNBOGALITIR

Alhliða málingarþjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinna góð umgengni. malarar@simnet.is og s 891 9890

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Pípulagnir

## PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069

## Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael. S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) flytja@flytja.is

## Húsviðhald

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## Spádómar

## SÁ SÍMASPÁ Í

S. 844 6845 / 462 4564

Frá kl. 14:00. Spá í spil og bola. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SA

## SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnsúpa. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningur. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

## Löggiltur rafverktaki.

S-898-9819.  
[www.rafax.is](http://www.rafax.is)

## ENDURNÝJUN OG VIÐHALD

Löggiltur rafverktaki

Sími:

696 5600

[rafsol@rafsol.is](mailto:rafsol@rafsol.is)

**RAFSÓL**

Sibumúta 34 • 108 Reykjavík

Sími 696 5600 • [rafsol@rafsol.is](http://rafsol@rafsol.is)

## RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. [straumblik@gmail.com](mailto:straumblik@gmail.com)

## KEYPT &amp; SELT

## Til sölu

## TIL SÖLU VEGNA FLUTNINGA SKRIFSTOFUHÚSGÖGN AF LÖGMANNSTOFU, KEYPT Í GKS.

Skrifborð, L 210cm., B90cm, skrifborðsstóll, 4 hillur skápum niðri, B80cm, H185, D42cm með skápum neðst, 2 kúnnastólar, glæsilegt hnotuskrifborð úr Tekk, Bisley eldvarinn skjalaskápur, peningaskápur, möppur.

Verð tilboð.

Nánari upplýs. S. 8983669 eða Helga@helgalogmenn.is myndir sendar í e maili eða velkomin koma að skoða

## Óskast keypt

## KAUPUM GULL - JÓN &amp; ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

## Hljóðfæri



## HYUNDAI PÍANÓ + LEÐUR STÓLL

HYUNDAI píanó til sölu ( h:120cm b:150cm ), ásamt bólstruðum leður stóli. Verð 220þús eða tilboð. Uppl. í s. 663 3313 / 863 4291

## Vélar og verkfæri



Skurðarskifur fyrir málma


SAOU QUALITY TOOLS

Ásborg

Smíðjuvegi 11 Gul gata Kóp.

Sími 564 1212

## Til bygginga



## HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolla. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

## HEILSA

## Nudd

## NUDDSTOFA DÍSU (201)

Er nuddfræðingur með allt almennt nudd. Tek vel á vöðvabólgu, liðverkjum, bakvandamálum og sogæðavanda. Opíð frá kl. 10-19 alla virka daga. Verið velkomin. Tímabantanir í s. 868-3379 - Díska P.

## TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 [www.tantrateemple.is](http://www.tantrateemple.is)

## SKÓLAR &amp; NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## HEIMILIÐ

## Barnavörur



## VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA

Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

## TIL LEIGU Á NÝBÝLAVEGI

150 fm verslunar og lager húsnæði

430 fm atvinnuhúsnæði

285 fm Kistumelur 14

Hafsteinn 690 3031

## LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á [www.leigulistinn.is](http://www.leigulistinn.is) eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Óska eftir húsnæði fyrir erlenda starfsmenn. Uppl. í s: 899-9177

## Geymsluhúsnæði

## WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

## WWW.GEYMSLAEITT.IS

## FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Parftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. [www.geymslur.is](http://www.geymslur.is)

## ATVINNA

## Atvinna í boði



## DEKKJAHÖLLIN

EGILSSTAÐIR - REYKJAVÍK - AKUREYRI

Leitum eftir dugmiklum starfskröftum á hjólbarðastöðvar Dekkjahallarinnar. 18 ára aldurstakmark. Fyllið út umsókn á [dekkjahollin.is](http://dekkjahollin.is)

Þráttar bjóða frjálslar handfæraveiðar öfugt við XD. XB og viðreisn.

Ritari óskast í hlutastarf eftir hádegi á læknastofu. Umsóknir berist fyrir 24. október á [stofan@isl.is](mailto:stofan@isl.is)

## til sölu

## Nýr DODGE GRAND CARAVAN



Árgerð 2016. 7 manna.

Verð kr. 5.390.000


Tilbúin til afhendingar - Möguleiki á 90% fjármögnun.

## Aukahlutir / Annar búnaður

Aðgerðahnappar í stýri  
Akturstölvla  
AUX hljóðtengi  
Fjarstýrðar samlæsingar  
Geislaspilari  
Hraðastillir  
ISOFIX festingar  
Litað gler  
Líknarbelgir  
Rafdrifnar rúður  
Rafdrifnir speglar  
Reyklaust ökutæki  
Útvarp  
Þjófavörn  
Stow & Go  
Vel útbúinn bíll



Núpalind 1 • 200 Kóp • S. 588 5300



80%

nýting var á herbergjum Icelandair Hotels á öðrum ársfjórðungi

9,6

milljarða velta er áætluð hjá Icelandair Hotels árið 2016

21

hótel eru í rekstri Icelandair Hotels

350

ný herbergi í lúxusgæða-flokki bætast við í Reykjavík

Við erum búin að vera í þeirri ótrúlegu stöðu að láta hlutina einhvern veginn reddast í ljósi gífurlegrar aukningar í ferðamannastraumnum til landsins. En það getur ekki reddast lengur, við ráðum einfadlega ekki við meira. Til lengri tíma litið er klárlega vert að staldra við og ígrunda vel hvernig við viljum standa að þjónustu við ferðamenn til lengri tíma.

Hotel við á Landsímareitnum," segir Magnea.

Að mati Magneu er innistæða fyrir áframhaldandi fjölgun ferðamanna á Íslandi, sér í lagi í Reykjavík. „En við eigum að aðgreina betur Reykjavík frá landsbyggðinni, þróa áfram þjónustu borgarinnar í tengslum við menningu, viðburði og aðra afþreyingu, svo að við getum nýtt betur bæði innviði landsbyggðar og borgarinnar allt árið um kring," segir Magnea.

Rík áhersla er lögð á að tvinna saman menningarlíf og hótelin í uppbyggingunni, listamenn komu til að mynda að þróun Canopy Reykjavík. „Við höfum átt mjög gott samstarf við bæði listamenn og þá sem standa að

menningarviðburðum í borginni. Við vinnum einnig mikið með menningar- og ferðamálasviði borgarinnar og höfum átt mjög gott samstarf við borgina.

Við erum jafnframt samstarfsaðilar bæði Meet in Reykjavík og Luxury in Iceland. Við erum ekki eingöngu að reiða okkur á ferðamenn sem eru að skoða náttúruna heldur líka á gesti sem eru í Reykjavík að fundu eða skoða borgina. Það skiptir okkur svo miklu máli að umgangast auðlind okkar vel. Þess vegna þarf að gæta vel að því að tryggja aðgengi fleiri ólíkra markhópa til landsins allt árið um kring, koma í veg fyrir ániðslu náttúruauðlinda og hámarka tækifærin til að skapa sem fjölbreytilegasta þjónustu hér á landi," segir Magnea.

„Markmiðið í okkar uppbyggingarstarfi er að breyta ásjón Reykjavíkur til að ferðamaðurinn upplifi meiri gæði. Það er bara þannig að þá koma einhverjir sem hafa ekki komið hingað til," segir Magnea. Hún bætir við að vörumerki og bakland Hilton sem sé svo sterkt markaðslega hafi einmitt dregið að ákveðinn elituhóp nú þegar til Reykjavíkur.

Við uppbyggingu nýrra Icelandair hótela hefur fokusinn verið settur á að búa til ný hverfi sem heimamenn njóta einnig göðs af. „Við erum með ótrúlegt tækifæri til að setja mark okkar á borgina. Við höfum í mörg ár einbeitt okkur að því að fá Íslendingana inn, en slagorð okkar hefur verið sönn íslensk upplifun. Nú erum við að vinna að sannri íslenskrar upplifun í gegnum erlendar hótelleiðjur til að skilaboðin komist enn þá sterkar til skila. Ef það er gott að búa einhvers staðar þá er gott að koma þangað og ferðast," segir Magnea.

Eitt dæmi um þessa hverfauppbyggingu var þegar ráðist var í framkvæmdir á Icelandair hóteli Reykjavík Marina sem var opnað árið 2012. Á hótelinu er Slippbarinn sem er vinsæll kokteilbar og veitingastaður meðal Íslendinga. Magnea segir Íslendinga vera mjög mikilvæga kúnna, og þau hafi það alltaf að leiðarljósi í þeirra þróunarvinnu að skapa vörur til handa Íslendingum fyrst og fremst, erlendu gestirnir fylgja í kjölfarið. „Íslendingar eru einnig duglegir að koma og gista hjá okkur til dæmis á Akureyri þegar þeir fara með fjölskylduna á skíði. Yfir vetrartímamann eru Íslendingar rosalega tryggir kunnar hjá okkur."

Uppbyggingin í miðbænum hefur þó ekki gengið áfallalaust fyrir sig. Miklar gatnaframkvæmdir í miðbænum tóku meðal annars sinn toll á Canopy Reykjavík, en fyrstu dagana þar var til að mynda ómögulegt fyrir leigubíla að koma upp að innganginum. Að mati Magneu er mörgu ábótavant þegar kemur að aðild stjórnvalda við móttöku ferðamanna.

„Við erum búin að vera í þeirri ótrúlega stöðu að láta hlutina einhvern veginn reddast í ljósi gífurlegrar aukningar í ferðamannastraumnum til landsins. En það getur

ekki reddast lengur, við ráðum einfaldlega ekki við meira. Til lengri tíma litið er klárlega vert að staldra við og ígrunda vel hvernig við viljum standa að þjónustu við ferðamenn til lengri tíma," segir Magnea.

Hún segir það vonbrigði að stjórnvöld hafi ekki brugðist markvissara við þeirri fjölgun ferðamanna sem átt hefur sér stað síðustu sex ár. „Við verðum að laga betur aðgengi að náttúruperlum, við verðum að laga vegina okkar og vegakerfið í heild sinni. Það þarf markvissa langtíma-hugsun í allri uppbyggingu, bæði af hálfu hins opinbera og aðila í rekstri."

Fram undan hjá Icelandair Hotels er áframhaldandi uppbygging. „Við erum að fjárfesta í aðal áfangastaðnum á Íslandi, miðbæ Reykja-

víkur, en við erum einnig að kíkja í kringum okkur á landsbyggðinni. Við viljum ekki dreifa ferðamönnum um landið, ferðamaður lætur ekki „dreifa sér", heldur erum við að búa til eitthvað sem fólk vill sækja. Við erum að vinna úr þessari eftirspurn og velja hvaða vörur við viljum hafa í okkar hillum, vörur sem auka verðmætasköpun og eru til þess fallnar að bæta tekjumyndun í ferðaþjónustu frá því sem nú er. Við viljum fá þá sem koma hingað í frí að sumri til að koma aftur og halda hér fundi að vetri og öfugt. Gestirnir eiga einfaldlega að vera svo ánægðir að þeir vilji koma aftur, í ólíkum erindagjörðum, á ólíkum tímum til að njóta á öðrum forsendum en áður.

saeunn@frettabladid.is

## VÖNDUÐ SKRIFSTOFURÝMI TIL LEIGU



### Mörkin 4 108 Reykjavík

Opið og gott 580 m<sup>2</sup> skrifstofurými á 2. hæð. Mikill sýnileiki með góða merkingarmöguleika. Frábær staðsetning með mikla þjónustu í nágrenninu.



### Hlíðasmári 11 201 Kópavogur

Gott og vandað 349 m<sup>2</sup> skrifstofurými á 4. hæð. Öll helsta þjónusta í næsta nágrenni og mikil uppbygging á svæðinu.



### Borgartún 29 105 Reykjavík

Vandað og gott 158 m<sup>2</sup> skrifstofurými á 2. hæð á einum vinsælasta stað í bænum, Borgarúni. Góð eldhúsaðstaða er í rýminu.

Nánari upplýsingar í síma 666 4000 eða [leiga@reginn.is](mailto:leiga@reginn.is)

reginn.is  
reginn@reginn.is  
sími 512 8900

Reginn  
FASTEIGNAFÉLAG

## Stofnuðu eigin þjónustuskóla

Fregnir hafa borist af því síðustu ár að erfitt geti reynst að manna störf í þjónustu- og veitingageiranum, en jafnframt sé vaxandi þörf á lærdum kokkum, þjónum og öðrum í þjónustu. Magnea segist hafa fundið fyrir þessu eins og aðrir í hótelleiranum. Því hafi Icelandair Hotels komið á fót Hótelklassanum árið 2013.

„Við vorum löngu búin að átta okkur á því að það vantaði fólk þannig að við stofnuðum skóla sem þjálfar og menntar tæplega hundrað nema á ári. Við útskrifum um einn þriðja af öllum nemum landsins í matreiðslu og framreiðslu á ári hverju," segir Magnea, en Icelandair Hotels hlutu Menntaverðlaun atvinnulífsins í janúar á þessu ári.

Í vaxandi mæli hefur þurft að manna störf í veitingageiranum með erlendu starfsfólki. Magnea segir mikilvægt að það sé ekki einungis erlent starfsfólk að selja

vöru Icelandair Hotels. „Því þá er þetta ekki íslensk upplifun."

„Við erum með frábæra nema að læra hjá okkur og erum dugleg að auglýsa og tala við foreldra og annað. Oft eru þetta foreldraförðómar sem við erum að fást við. Mörgum finnst ekki fint að læra þetta. En bæði matreiðslu- og framreiðslumenn eru margir hverjir á mjög finum launum, geta ferðast um heiminn og eru eftirsóttir eins og allt gott fólk í öðrum geirum," segir Magnea.

Magnea segir Hótelklassann einn lið í langtímahugsuninni sem einkennir rekstur hótela. „Við erum ótrúlega stolt af fagfólkinu okkar. Við reukum alla okkar veitingastaði sjálf og mjög margir hafa lært hjá okkur. Við erum ekkert án þessa fagfólks, við getum ekki vaxið nema við hjálpum til við vöxtinn með því að rækta skólann og rækta nemana, og það höfum við svo sannarlega gert," segir Magnea.

## STJÓRN SKIPUÐ TIL 3 ÁRA



## Ný stjórn Íslandsstofu

